



Ísold með sundum, 1986-1987.


AUGNASINFÓNÍA

MYNDLIST BRAGA ÁSGEIRSSONAR Í SEXTÍU ÁR

ÞÓRODDUR BJARNASON


LISTAGEFNI REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK ART MUSEUM





EFNISYFIRLIT

6
Inngangur/Hafþór Yngvason

8
Listamaður í 60 ár

16
Teikningin og mótunarárin

28
Graffíkin

44
Popp


62
Málverk

86
Lífið og tilveran

?
Sjáfsmyndir/Jón Reykdal



Fyrirsæta, Osló, 1952.



Nótt með sundum, 2004.

INNGANGUR

HAFÞÓR YNGVASON

Eins og svo margir aðdáendur Braga Ásgeirssonar tengi ég list hans einkum við upphleyptu poppverkin sem hann gerði á 7. og 8. áratug síðustu aldar. Þetta eru heillandi verk, oft einföld í myndbyggingu en margbrotin í efnistöfum og merkingu. Þau bera með sér skilning heimsmanns á erlendum straumum í samtímalist og að sama skapi sjálfstæði þroskaðs listamanns. Það er ekki að undra því Bragi hafði stundað nám í fjórum löndum og getið sér gott orð fyrir málverk sín og grafík áður en hann sneri sér að poppinu. Í þessari bók og á samnefndri sýningu í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum, er í fyrsta sinn gefin yfirsýn yfir langan og merkan feril Braga. Hér getur lesandinn áttað sig á hvernig popplistaverkin tengjast því sem á undan fór og hvaða breytingum list hans hefur tekið á síðastliðnum árum. Hér má sjá einkenni grafískra verka hans og hversu vandaður teiknari og málari hann er. Heildarmyndin er fjölþætt en samt glögg. List Braga hefur gengið í gegnum aðgreinanleg tímabil en hann hefur ávallt verið sjálfum sér trúur og iðulega farið ótroðnar slóðir. Sjálfstæði Braga sjáum við vel í popplistaverkum hans. Þau eru vissulega í takt við strauma og stefnur í samtímalist en þó algerlega á

strauma og stefnur í samtímalist en þó algerlega á hans eigin forsendum. Á sjötta áratugnum fóru listamenn í New York að nota þrívíða nytjahluti óbreytta í verk sín og eins vann *Nouveaux Réalistes* hópurinn í París með fundna hluti (*objets trouvés*). Robert Rauschenberg notaði útvörp, rúmteppi og jafnvel uppstoppaða geit í verk sín, eins og frægt er orðið. Arman safnaði saman ýmiskonar heimilisrusli og sýndi í gagnsæjum ílátum sem hann kallaði ruslafötur (*poubelles*) og Daniel Spoerri bjó til svokallaðar gildru- eða snörumyndir (*tableaux pièges*) þar sem hann fangaði andartakið með því að festa leifar hversdagslegra máltíða—diska, glös, hnífapör og jafnvel mataleifar—á venjulegborð sem hann sýndi svo á vegg eins og málverk. Það má finna lofgjörð hversdagsins í þessum smámunasöfnum, andstætt hástemmdri drápu dýrmætra listaverka.

Verk Braga eru ekki síður róttæk og sjálfsagt hafa aðdáendur fyrri verka hans tekið andköf þegar hann hóf að innleiða ýmsa aðskotahluti í verk sín í upphafi sjöunda áratugarins. En í höndum hans var þetta ekki tilefnislaus tilraun til að hneyksla góðborgarana. Poppverk hans eru fyrst og fremst málverk, með jafn vandaða

áferð og myndbyggingu og fyrri verk hans.

Að vinna beint með efni úr lífinu sjálfu gerir honum kleift að ná lífrænni áferð á myndflötinn. Hann málar með hlutunum. Það er ekki staða þeirra utan rammans sem myndirnar draga fram, heldur þær sögur sem eru skráðar í efnið sjálft. “Hlutir eldast og mást, járn ryðgar”, segir Bragi í viðtali við Þórodd í þessari bók. Hann leyfir þessum einkennum að halda sér en ólíkt erlendum popplista-
mönnum þessa tíma umskapar hann hlutina og upphefur. Hann fer sínar eigin leiðir.

Það voru upphleypt poppverk Braga sem ég uppgötvaði og heillaðist af sem unglingur á áttunda áratugnum, þegar leið að lokum þessa tæplega tuttugu ára tímabils í list hans. En nú eru liðin nær þrjátíu ár síðan Bragi sneri sér aftur að *hefðbundnari* aðferðum í listsköpun. Hann hefur fundið hæfni sinni nýjan farveg og málað mikinn fjölda verka sem allir áhugamenn um íslenska myndlist ættu að þekkja. Þóroddur Bjarnason hefur valið af kostgæfni verk frá þessu og öðrum tímabilum Braga. List hans er víðfeðm—teikningar, upphleypt poppverk, abstrakt málverk og fígúratíf grafík—og afköstin hafa verið mikil á sextíu ára listamannsferli. Það er úr miklu að velja.

Þóroddur hefur leitað uppi listaverk í söfnum, fyrirtækjum og heimahúsum til þess að veita sem gleggsta sýn yfir sköpunarverk Braga. Sigurlaug Ragnarsdóttir hefur einnig komið að undirbúningi sýningarinnar og bókarinnar. Hún hefur í náinni samvinnu við Braga farið í gegnum myndir, skjöl og önnur gögn í ótal kössum í bílskúrum og kjöllurum, skipulagt þau og flokkað. Hún og Þóroddur eiga miklar þakkir skildar.



LISTMÁLARI Í 60 ÁR

ÞÓRODDUR BJARNASON



ÞÓRODDUR BJARNARSON RÆÐIR VIÐ BRAGA ÁSGEIRSSON LISTMÁLARA OG REKUR LÍF HANS OG FERIL.

„Myndlist er kröfuhart fag sem ég ber ótakmarkaða virðingu fyrir. Hún er hvorki sprell né grunnrist dægurgaman. Stundum er henni líkt við eiturlyf, sem hefur þó ekkert nema góð áhrif á iðkandann. Skapandi athafnir mega hvorki verða vani eða skylda, og í listinni þurfa að vera innri átök og sviptingar.“

Þessi orð Braga Ásgeirssonar listmálara segja allt sem segja þarf um það tak sem myndlistin hefur haft á honum alla tíð, og hann á henni. Bragi hefur helgað myndlistinni og stoðgreinum hennar líf sitt, og var á tímabili einnig mikilvirkur í félagsstörfum myndlistarmanna.

Bragi er fæddur þann 28. maí, 1931. Hann hefur verið heyrnarlaus frá 9 ára aldri, og hneigðist ungur að listum.

VARSTU ALINN UPP Á LISTRÆNU HEIMILI?

„Það get ég varla fullyrt nema að það var mikið sungið heima og heimilið var



Bragi, þriggja ára, 1934.

Á fyrri síðu, Bragi við trönur á vinnustofu sinni á Dvalarheimili Hrafnistu Das, 1957

legt, en bæði móðir mín og faðir höfðu í sér listrænan streng, hvort á sinn hátt, og bæði voru gædd fágætu skopskyni.

Faðir minn, Ásgeir Ásgeirsson frá Fróðá, var skrifstofustjóri vegamála hjá ríkinu í heil 47 ár. Hann var þar mikill áhrifamaður við hlið Geirs G. Zoëga vegamálastjóra, en þeir voru í upphafi einir í einu herbergi á skrifstofunni. Metnaður þeirra var að vegir og brýr yrðu eitt með landinu.

Faðir minn var innfæddur Snæfellingur, fæddur að Hrútsholti í Eyjahreppi í Hnappadalssýslu, en ólst upp á Fróðá í Snæfellsnessýslu. Hann var formaður Félags Snæfellinga og Hnappdæla í aldarfjórðung og því stóðu málefni Búða og Búðahrauns honum nærri, en hann hlutaðist til um friðun Búðahrauns og stofnaði á sínum tíma hlutafélag um Hótel Búðir. Hvort tveggja gekk eftir, en



Karólína Sveinbjörg Sveinsdóttir, móðir Braga, 1910.



að ofan: Bragi í auglýsingu fyrir tannbursta, 1936.
að neðan: Ásgeir Ásgeirsson, faðir Braga, 1917.



Móðir mín, Karólína Sveinbjörg Sveinsdóttir, var ættuð af Akranesi og úr Árnessýslu. Hún var alla tíð heimavinnandi húsmóðir en aflaði árlega dálíftilla tekna með því að búa til bolluvendi á þorranum og lét okkur strákana ganga í hús og selja þá. Bolluvendirnir voru stærri og lithreinni en þeir sem voru í verslununum og grunnlitirnir voru þeir sömu og í íslenska fánanum. Hún var mjög söng- og ljóðelsk, og kenndi öllum börnum sínum að lesa með sérstakri áherslu á að kveða rétt að orðunum. Þá er mér minnisstætt að hún málaði alla blómsturpotta á heimilinu í mildum grátónum, ekki ósvipað því sem seinna fékk heitið art informel, eða óformleg list.“

Bragi er Reykvíkingur, alinn upp á þeim hluta Rauðarárstígs þar sem útibú Kaupþings við Hlemm er að stórum hluta í dag. Náttúrunni og dreifbýlinu kynntist Bragi þó gegnum störf á sumrin hjá Vegagerð ríkisins, frá 12 ára aldri. Vinnuna þar fékk Bragi fyrir tilstuðlan föður síns eins og bræður hans allir, en Bragi er einn af sex systkinum, yngstur fimm bræðra og á eina systur sem er tæplega hálfu öðru ári yngri.

Vinnan utan borgarmarkanna þroskaði og efldi náttúruskyn hins unga manns og tilfinningu fyrir umhverfinu. „Ég hef mjög mikinn áhuga á náttúrusköpunum, og áhuginn hefur frekar aukist með hverju ári en hitt. Þegar ég mála

leita ég til náttúrunnar að skynhrifum mun frekar en að kortleggja hana eða skjalfesta þekktanlegar útlínur hennar.“

Ferill Braga í vegavinnunni hófst í Langadal við Ísafjarðardjúp árið 1943 þar sem hann var mestmegnis kúskur – teymdi hestvagna í tvö sumur. „Þar skorti ekki fegurðina né fjölbætta sýn til fjalla. Ég kundi þó kannski ekki fullkomlega að meta þetta í upphafi, óþroskaður og óþolinmóður unglingurinn,“ segir Bragi.

Viðveran í „þúsunda ára óbyggðakýrrðinni“ uppi á Þorskafjarðarheiði tveim árum seinna, þegar vegarsamband komst loks á er Braga líka í meira lagi minnisstæð.

HVAÐA SÖGUR KANNTU FRÁ DVÖL ÞINNI ÞESSI SUMUR FYRIR VESTAN?

„Það er margt að minnast. Við tjölduðum upprunalega í nágrenni leiranna við ósa Langadalsár og meðal ljóslifandi minninga minna þaðan er að maður nokkur nefndur Langi-Mangi sá lax í ánni er hann var að sækja vatn í fötu. Laxinn uggði ekki að sér og LangiMangi náði að grípa í sporðinn á honum og snarhenda á bakkann. Hinn stóri álúti maður var ansi sposkur og glaðbeittur þegar hann kom til stúlkanna í viðveruskúrnum með þessa myndarlegu viðbót við vatnið. Ekki held ég þó að það hafi verið tiltakanlega mikið af fiski í ánni og á ferð hafi verið eins konar slembilukka,

en með þeim dæmalausustu.

Þá stóð flokkstjórinn eitt sinn fastur og ósjálfbjarga á farartækjum postulanna langt úti í ósunum,“ segir Bragi og hlær við.

„Einnig er mjög minnisstætt að maður nokkur gleymdi síðsumars að slökkva á kerti við rúmgafli sinn og úr varð mikið bál. Tjaldið hans og eitthvað fleira brann en mannskaði varð enginn. Tilviljun réði því að annar vörubíllanna okkar var á leiðinni inn dalinn. Bílstjórinn sá eldinn og steig bensínið í botn og flautaði allt hvað af tók. Það var eitthvað svo ægiefagurt að standa þarna úti í heimskautsnóttinni og sjá tjaldið brenna.

Loks voru það bláberin í hlíðunum síðsumars en aðra eins mergð höfðum við ekki séð. Þau voru stór og gómsæf. Fyrstu dagana eftir að þau voru fullþroskuð var biðröð við útiþægindin hvern morgun.

Það er ótal annars að minnast. Við vorum nær allt fyrsta sumarið að gera við og laga veginn frá Arngerðareyri inn að mörkum dalsbotnsins, og loks að undirbúa vegagerð upp Þorskafjarðarheiði sem skyldi gerast sumarið eftir. Flokkurinn flutti sig innarlega í dalinn á miðju sumri hvar við lukum einnig við að lagfæra og endurnýja brúna yfir ána. Þetta minnti ekki svo lítið á fyrstu daga landnáms þegar hægt var að grípa fiskinn með berum höndum úr sjó, vatni



Sjálfsmynd, 1949.



Bragi og Hrefna systir hans á æskuslóðum sínum við Rauðárstíg, 1936.



Við Markarfljót, 1950.

og ám. Náttúran var hrjóstrug og svo til óspillt af manna völdum, en á stundum var í meira lagi napurt og hráslagalegt þarna uppi.“

Bragi komst í náin kynni við skorkvikindi í tjaldbúðunum sem voru á lækjarbakka og í nágrenni við foss nokkurn. „Við gerðum okkur dýnur með því að troða mosa og lynggróðri í strigapoka. Úr þeim skríðu sniglar og margfætlur sem voru borgardrengnum frekar óyndislegir svefnfélagar.

Sumarið eftir náðum við að leggja veginn upp Þorskafjarðarheiðina sem taldist mikils háttar afrek, einkum vegna þess að það var að stórum hluta gert

með handafli; skóflu, haka og járnkarli. Í raun og veru voru vegir landsins í þá daga sums staðar einungis hjólför.

Þetta var árið 1944 og fíftönskraftur í vinnuflokknum, um 80 manna liði sem kom að stærstum hluta víða að úr Ísafjarðardjúpi. Ísland var að verða sjálfstætt ríki þetta ár og mikil eftirvænting, gleði og eldmóður ríkti í mannskapnum. Á leiðinni upp fjallshlíðina voru hlaðnir nokkrir miklir grjóttgarðar þar sem þess þurfti við, og sumir voru hrein listaverk. Seinna þegar jarðýturnar komu til skjallanna og vegurinn var breikkaður þá hurfu þeir allir.“

FINNST ÞÉR SKORTA Á VIRÐINGU MANNA FYRIR NÁTTÚRUNNI?

„Vissulega, hér áður fyrr var borin mikil virðing fyrir náttúrunni og ekki hugsað um þráðbeinustu leiðina til að vera fljótari milli staða eins og nú gerist. Það telst mikil afturför. Þjóðmenning okkar varð í og með til á hestbaki, þegar fólk ferðaðist um landið og hafði tíma til að njóta þess, hugsa, syngja, yrkja og vera til. Nú hafa menn ekki tíma til neins nema að flýta sér. Þeir hafa jafnvel ekki tíma til að neyta annars en skyndimatar og ruslfæðis. Þetta er alltof mikill hraði og honum fylgir órói og heilaládeyða. Það eru nefnilega nákvæmlega sömu lögmál á bak við afl og anda. Haldi maður hvoru tveggja ekki virku tekur rýrnun við. Þetta hafa vísindamenn geimaldar uppgötvað. Farsæli hraðinn felst í tölvunni með sinn stóra upplýsingabanka og menntunarmöguleika, og er ómæld framför ef rétt er á haldið. Á skjánum geta menn líka ferðast vítt og breytt um veröldina og kynnst menningu framandi þjóða heima í stofunni hjá sér.“

Bæði borg og náttúra kveiktu þannig neista í Braga sem ungum manni og má sjá áhrif frá hvoru tveggja í verkum hans allan ferilinn. Það var svo um ein jóln hjá fjölskyldunni á Rauðarárstígunum að í ljós fór að koma hver í fjölskyldunni átti eftir að feta listavegin.



Verkakona, 1947-48.

„Föður minn dreymdi eitt sinn skömmu fyrir jól þegar ég var lítil snáði, að til hans kæmi maður sem sagði honum að hann ætti son sem yrði listmálari og mikill áhrifamaður á því sviði. Hann velti mjög fyrir sér hver sona sinna þetta gæti verið. Dag einn uppundir jól þrammaði hann svo í bæinn með mig og systur mína sitt til hvorrar handar og keypti stórar listaverkabækur handa eldri bræðrum okkar. Þegar þær komu upp úr jólapökkunum sýndu bræður mínir þeim mjög takmarkaðan áhuga og voru skrýtnir á svipinn, en ég fór strax að skoða þær. Seinna mátti ég svo eiga þær og á



Módel, Kaupmannahöfn, 1951.

reyndar enn. Þessar bækur urðu vísast mínir örlagavaldar því út á áhuga minn á þeim var í og með ákveðið að reyna að koma mér í Myndlista- og handíðaskólann. Ég var sextán ára þegar loks kom að því.“

Jafngóður teiknari og Bragi átti eftir að verða þá voru rissin, er hann nefnir svo, sem hann teiknaði í dagdeild Handíðaskólans þennan vetur, 1947–1948, samt ekkert til að hrópa húrra fyrir. „Það fór að rofa til með vorinu en samt ekki nóg til að ég þætti tækur inn í framhaldsdeild.“

Sumarið 1945 fór Bragi fyrst í fyrir-



Útskriftanemar MHÍ, 1950 (eða 1949).

hleðsluvinnu við Markarfljót sem var á vegum Vegagerðarinnar, og síðan aftur árið 1947 og áfram næstu sumur. Eftir fyrsta veturinn í Handíðaskólanum teiknaði hann vinnufélaga sína er tóm gafst til og losnaði þá smám saman um stírðleikann sem hafði hrjád hann. Félagarnir sögðu hann betri teiknara en Ólaf Túbals málara í Múlakoti, sem var mikil uppörvun fyrir hinn unga mann.

Þegar Bragi kom suður um haustið var það hans fyrsta verk að skoða afrakstur síðasta vetrar í kjallaranum heima á Rauðarárstígnum. Honum blöskraði vinnubrögðin og hló.



Sjálfsmynd, 1948.



Sjálfsmynd, 1949.



Sjálfsmynd, 1951.

TEIKNINGIN OG MÓTUNARÁRIN

1949-1955

1949-1955

Að loknu þriggja ára námi við Handíðaskólann fór Bragi til náms við Fagurlistaskólann í Kaupmannahöfn árið 1950. Hann naut þar meðmæla listmálarans Jóns Engilberts og Kurt Ziers skólastjóra Handíðaskólans, sumarhýrunnar og stuðnings föður síns. Hann stundaði nám í Kaupmannahöfn til ársins 1952 en fór svo aftur til náms þar veturinn 1955-1956, þá að hluta á sérstökum styrk frá Berlinske Tidende, sem þeim Karli Kvaran listmálara hafði hlotnast.

HVERNIG VAR DVÖLIN Í DÖNSKU AKADEMÍUNNI Í ÞETTA FYRRA SKIPTI?

„Mér leiddist hálfpartinn akademían í Kaupmannahöfn er frá leið, hún var ekki í samræmi við metnað minn, og Kræsten Iversen prófessor fannst mér ekki sérlega uppörvandi. Mér þótti samt vænt um karlinn sem hafði reynst svo mörgum landanum vel.

Það var svo sannarlega ekkert sukk meðal listnema á þeim árum, langt í tíma 68 kynslóðarinnar og vímuefna innan skólaveggja. Námsmenn lifðu frekar meinlætalífi og héldu vel utan um aurinn. Engin námslán voru í sigti, ef einhver, þá minnst til listnema.“

Jón Stefánsson listmálari var mikill vinur og drifkraftur í lífi Braga og greiddi götu hans eftir megni. Bragi lítur mjög upp til Jóns sem hann segir hafa verið einstakan röksnilling, afbragðsmálara

og meistara í myndbyggingu.

Það var einmitt einkum fyrir orð Jóns að Bragi fékk inngöngu í Listaakademíuna í Osló hjá prófessor Jean Heiberg haustið 1952. Heiberg hafði verið skólabróðir Jóns Stefánssonar í skóla Henry Matisse í París og góður kunningskapur var þeirra á milli. Aðeins 6-8 nýir nemendur voru teknir inn í Listaakademíuna í Osló það árið.

Með Braga í skólanum í Osló var vinur hans og félagi úr Handíðaskólanum Guðmundur Guðmundsson, Erró, sem nam hjá prófessor Aage Storstein sem Bragi segir hafa verið yngstan og í list sinni framsæknastan prófessoranna í Osló. „Við unnum frá morgni til kvölds, og bjuggum svo saman í pínulítlu herbergi. Erró svaf í rúmi sem vantaði fjöður í, en ég í grænum svefnpoka á gólfinu,“ segir Bragi.

Í ævisögu Errós sem Aðalsteinn Ingólfsson skráði, segir Erró Braga hafa verið orðinn framúrskarandi teiknara þegar þeir voru þar saman við nám í Osló, og hann hafi tekið Braga sér til fyrirmyndar.

„Eins og fyrri daginn þurfti ég að komast til botns í allri tækni sem akademían bauð upp á. Til að læra enn meira innrituðum við Bragi okkur í nokkurs konar listiðnskóla, Statens Håndverks og Kunstindustriskole. Þar stunduðum við hraðteikningu, krókí, og fengum frekari



Bragi og Erró á ferðalagi á Syracuse á Sikiley, 1954.

í æfingu í alls kyns grafík, einkum dúkskurði og tréristu. Eins og endranær skaut Bragi öllum öðrum ref fyrir rass í teikningu, kennaranum líka, enda búinn að vera tvö ár við listnám í Kaupmannahöfn. Teikningar okkar frá þessum tíma eru með svipuðu yfirbragði, sem ekki er furða, því ég tók Braga mér oft til fyrirmyndar.

„Aðalsteinn Ingólfsson, 1991, bls.50.)

Bragi sjálfur segir þannig frá tíma þeirra Erró í Osló í bók Aðalsteins:

„Það var mjög góður andi akademíunni, mun betri en á fagurlistaskólanum í Kaupmannahöfn þar sem ég var oft einn að teikna á kvöldin. Í Osló var alltaf



Erró, Osló 1952.

fullt og hópurinn marglitur. Höfðum við Guðmundur mjög gaman af einum sem alltaf mætti með teikniblokk í vasaútgáfuformi, tók sér stöðu í þráðbeinni línu fyrir framan kvenfólkið og teiknaði alltaf með innlifun sama loðna vaffið í blokkina, síðu eftir síðu. Þá sjaldan að karlar sátu fyrir hvarf hann vonsvikinn á braut með skeifu á munnvikunum og sam-anherptar varir, mæddur af mótlæti.“ (Aðalsteinn Ingólfsson, 1991, bls.51)



Útskriftarnemar MHÍ, 1949.

„Skólaferðalögin á vorin tel ég að hafi haft ómælda þýðingu fyrir þroska minn. Hin fyrsta var farin til Spánar með Akadémíunni í Kaupmannahöfn vorið 1952. Önnur ferðin var farin með Akadémíunni í Osló vorið 1953, einnig til Spánar, og þriðja og síðasta ferðin var farin með Akadémíunni í München sumarið 1959, og þá til Grikklands.


Það var allt annar handleggur að ferðast á þeim tíma en í dag, heimurinn var til muna stærri, ferðamatinn frumstæðari og sérkenni landanna áþreifanlegri. Til að mynda var Spánn lokað land og þar hafði mannlífið lítið breyst frá því fyrir heimsstyrjöldina og grómandi ferðalangar enn fátíðir. Allar strendur voru hreinar og ómengaðar, en síst lögðum við upp til að sólbaka okkur á ytra byrði. Við nutum þess þvert á móti að koma í alveg nýjan menningarheim á Spáni, með viðkomu í París.



Bragi í Kaupmannahöfn, 1950.

Í fyrri Spánarferðinni smitaðist ég af þeirri gömlu venju danskra myndlistarmanna að vera alltaf með teikniblokkina í nágreininu. Öbbann af því sem ég gerði í grafík í Osló sótti ég þannig í riss frá Granada en var meira fyrir iðandi mannlífið árið eftir. Við blönduðum mikið geði við fólk sem var afar forvit- ið og elskulegt, einkum í seinni ferðinni, hópurinn þá var til muna fámennari og Norðmennirnir frísklegri.

1949-1955



| AUGNASTFÓNJA

20

Sjálfsmynd, 1951.



?, 1951.



Módel, fyrsta teikning í Osló, 1952.



Módelteikning, Osló, 1952.



Módelteikning, Osló, 1953.

1949-1955

Ég á margar fagrar minningar af ungum róðum sem ég vingaðist við á Spáni en allt var það mjög saklaust og biði ég einhverri út var yngri systir með í fóð. Við fyrri komuna til Madrid kynntist ég samdægers afar fallegri stúlku er ég var að rissa upp börn að leik í holti fyrir ofan gisti- staðinn sem var nýrasið barnaheimil. Hún var að sækja litla systur sína í kvöldmat. Þetta var að loknum þrettán rétta máls- verði sem okkur var borinn við komuna með tilheyrandi vökva með hverjum rétti, svo við fengum strax á fyrsta degi Spán beint í æð, eða kannski maga rétt- ara sagt. Snótin bauðst til að leiðbeina mér einum um alla borgina daginn eft- ir með þeim árangri að ég náði að sjá öllu meira en hinir ferðafélagarnir, sem voru hvorki meira né minna en 98.

Ég lenti líka í því ævintýri að hótél- stýra það mín í fúlustu alvöru fyrir hönd dóttur sinnar í sjávarþorpinu Castel de Ferro í Granada, allt vegna eins koss sem ég smellti á kinn á róðunnar sak- lausu í vinkjallaranum hvar hún var að vinna kvöldið áður. Þetta gerði það að verkum að ég flúði yfir fjöll og firnindi í morgunsárið.


Atburðarrásin inniber nokkra sögu, einneigin um afdrífariðkan misskilning þegar ég kom á þessar slóðir árið eft- ir. Róðan hafði þá frétt af komu okkar og sendi mér hraðbréf á pósthúsið í Madrid, Correo Central. Á sendibréf- um átti ég einfaldlega ekki von, en mun



Charito Mora Almunecar, 1953.

hafa sótt tilskrifði á bakaleiðinni. Þar var hún að bjóða mér að heimsækja sig og njóta ókeypis gistingar svo lengi sem ég vildi og varð harmi lostin þegar ég birt- ist ekki, Nokkrir félagar mínir fóru þang- að, meðal annars Guðmundur Erró, og mannskapurinn ætlaði mig hreinlega að drepa þegar hann hitti mig aftur. Þurftu þeir að horfa á róðuna hlaupa inn hágrátandi í hvert skipti sem rútan kom og hún uppgötvaði að ég var ekki meðal farþega.

Vegna þess að ég hafði verið í póst- kortasambandi við hana yfir veturinn og sambandið því nánara og ég tekið út meiri þroska er eins líklegt að ég hefði þekktst boðið.



að ofan, Fyrirsæta, Osló 1952-3.

Í Grikklandi var ég alltaf einn og fór meðal annars þvers og kruss um Pelop-skagann. Það er ferðalag sem enginn sem tekur sér það fyrir hendur með opin augu getur gleymt. Á fyrsta legg kom ég dauðþreyttur til Delfi, eftir að hafa gengið með þungan bakpoka alla leiðina frá ferjunni og upp í ausandi rigningu. Ferjunni seinkaði í hvassviðri og miklum öldugangi og síðasti áætlunarbíll dagsins var farinn.

Það var svona krákustígaganga upp brattann sem ætlaði aldrei að enda og enginn akandi lét sér detta í hug að taka mig rennblautan og skítugan bakpokaferðalanginn upp í farartæki sitt. Hvergi var næsturstað að fá en effir mik-ið labb rakst ég á virðulegan miðaldra mann sem skildi í hvaða aðstöðu ég var og bauð mér heim til sín. Þar var mér vísað til sængur og ég steinsvaf tæpan sólarhring í dúnmjúku rúmi.

Þjónusta bar mér ríkulegan málsverð þegar ég vaknaði, fótin voru þvegin, þurrkuð og pressuð í nágrenni mínu en ekki fékk ég greiða eitt né neitt fyrir gestrisnina. Maðurinn kom svo og forvitnaðist um ferðaáætlun mína og er kom að brottför fylgdi hann mér í rútuna á næsta legg.

Í kringum bifreiðina var þröng á þingi, en þegar gestgjafi minn birtist vék fólk kurteislega til hliðar, heilsaði virðulega, og ég fékk umsvifalaust gott sæti. Ég lét mér jafnvel detta í hug að þar



Equus stúdía, 1951.



Castel di Ferro, 1955.



Hænsnakofinn, 1951-52.

1963-1980


hafi farið sjálfur borgarstjórinn í Delfi.

Spánn er kaþólskt land og fólk afar guðrækið, sú guðstrú kemur frá djúpum hjartarótum, og því kom mér á óvart að hóruhús voru þarna á hverju strái og vændiskonur á vappi á sínum kjörstöðum. Þá fékk ég líka að vita að eiginkonur sendu menn sína gjarnan á slíka staði þegar þær sjálfar voru illa fyrirfallaðar, bara si sona, og prísarnir mjög hóflegir. Ég lenti af tilviljun í því, saklaus strákurinn, að notfæra mér slíkar konur tvisvar og naut þjónustu sem ég mun ávallt minnst með hlýju.

Í vegamótaborginni Motril var róðan kornung og gullfalleg, varla meira en sautján ára. Verknaðurinn átti sér stað í hóruhúsi, sem virtust þar þó nokkur þótt borgin væri ekki stór. En í Granadaborg var daman eitthvað eldri og útigangandi. Í morgunsárið, eftir umbyltingarsama nótt og stjórnlagarof, vildi hún endilega fá að fylgja mér á hótelið mitt, sem var nokkur gönguferð og þangað komið kyssti hún mig að skilnaði eins og ég væri gamall og kær vinur, gott ef hún féldi ekki tár.

Bragi dvaldist aðeins einn vetur í Osló, en veturinn/sumarið 1953-1954 tók við dvöl í Róm og Flórens á Ítalíu. Lagði listamaðurinn þá drjúga stund á teikningu, bæði á fyrirsætum og inni á söfnum, en málaði þó aðallega.

Ópið, 1953.





að ofan, Fyrirsæta, 1953.
til hægri, Granada, 1952.



1949-1955



Á mararbotni, 1957-8.

HVERNIG VAR AÐ VERA UNGUR LISTA- MAÐUR Á ÍTALÍU Á ÞESSUM TÍMA?

„Ég kom til Rómar í desemberbyrjun 1953 og var á Ítalíu fram á síðsumar árið eftir. Þetta var mikilsháttar tími. Ég átti verðmæta samtíðarmenn í Róm. Það var algjört ævintýri að koma þangað, og allan tímann náði ég varla til jarðar. Þarna eru stórkostleg fornminjasöfn, hallir og kirkjur og ótal margt að skoða, borgin sjálf listaverk. Ég var tekinn inn sem meðlimur í alþjóðlegri akademíu á Via Margutta í nágrenni Spænsku trappanna. Það var eina skiptið sem ég tyllti tá inn á skólastofnun á Ítalíu.

Ég hafði aðgang að síðdegisteikningu á fyrirsætum; einstaklega myndrænum og guðdómlega fallegum kroppum sem mikils háttar lifun var að rissa upp á blað. Leiðbeinandinn kom þó aldrei til mín nema til að horfa á vinnubrögðin. Stundum var hópur af hinum þátttakendum að fylgjast með hvernig ég handlék svartkítina.



Bragi á svölunum í íbúð sinni við Via Nazionale í Róm, 1954.

Það var ekki síður ómæld upplifun að vera í Flórens perlu listaborga og ég naut þess út í fingurgóma að vera aleinn þar í á þriðja mánuð. Þá var ég nær daglegur gestur á mótuneyti stúdentna í Flórens og hafði bæði gagn og gleði af. Í Flórens eins og í Róm hafði ég gístiaðstöðu hjá frábæru fólki. Ég var til dæmis nánast einn af fjölskyldunni í Róm þar sem ég bjó á efstu hæð ofarlega á Via Nazionale steinsnar frá óperunni og Fontana Esdera „með aðgangi að miklum svölum. Í Flórens bjó ég í stuttu göngufæri frá Arno-fljótinu og gömlu brúnni (Ponte Vecchio).“



Fyrirsæta, 1951-2.



Krossfesting, 1953.



GRAFÍK OG MÓDERNISMINN

1955-1963

1955-1963



Fyrsta sýning Braga í Listamannaskálanum, 1960.



Bragi og Adalheid, í Listamannaskálanum, 1960.



Bragi, Adalheid, Myriam Bat-Yosef, kona Errós og Erró, 1961.

Bragi kemur heim til Íslands síðsumars árið 1954. Um vorið árið 1955 fá Íslendingar svo fyrst að lífa afraksturinn af námsdvöl Braga í útlöndum fram til þessa, er Bragi heldur sína fyrstu einkasýningu í Listamannaskálanum.

Valtýr Pétursson listrýnir Morgunblaðsins skrifar svona um sýninguna:

Bragi er einn þeirra ungu manna sem vekja miklar vonir og auðséð er að hann býr yfir miklum hæfileikum. Hann sannar það tvímælalaust, með þessari fyrstu sýningu sinni, að hann hefur tekið listgrein sína fóstum og alvarlegum tókum og heldur öruggur og víghreifar inn í þann heim, er seitt hefur hug hans. ... Það er langt frá því, að Bragi hafi fundið fast land undir fótum. Hann er enn leitandi sál og virðist ekki hafa markað sér ákveðnar línur.

(Morgunblaðið, ?? apríl 1955, bls ??)

Í Alþýðublaðinu skrifar Gunnlaugur Þórðarson:

Að vonum gættir nokkuð áhrifa þeirra skóla sem hann hefur stundað nám við, svo er t.d. um grafísku verkin, sem eru hvað besti þáttur sýningarinnar, þar gættir norskrar myndlistar. ... Sýningin er nokkuð sundurlaus og manni gæti virst eins og margir málarar væru að sýna. ...Málverkin á sýningunni eru gerð af dugnaði og kunnáttu og margar myndir, svo sem nr. 41 gefa til kynna að hér sé á ferðinni listamaður sem hefur myndlega og litræna tilfinningu.

(Alþýðublaðið, ?? apríl 1955, bls. ??)

Tímabilin í list Braga eru fjögur og skiptast á milli miðla fremur en umfjöllunarefna; teikning, grafík, upphleypt verk og málverk.

Grafíktímabilið er ekki eitt og samhangandi heldur skiptist það í nokkur afmörkuð tímabil. Þau tvö kraftmestu um miðjan sjötta áratuginn og í byrjun níunda áratugarins.

Grafíktímabilið fyrra var þegar Bragi stundaði nám við akademíuna í Kaupmannahöfn í seinna skiptið þar í borg, og dvaldi þá á opna grafíkverkstæðinu við skólann veturinn 1955-56. Í þetta skiptið líkaði Braga lífið í Kaupmannahöfn mun betur en þegar hann var þar frá 1950-52. „Þarna var ég orðinn mun þroskaðri og nú altók borgin mig sem og steinþrykkið og ég hefði gjarnan viljað taka annan vetur. Akademían bauð mér meira að segja alls að óvörum vinnuástöðu úti á landi yfir sumarið, þótt ég hafi ekki sótt um hnossið. Þar naut ég vafalítið sýningarinnar (einkasýning hjá Erling Haghfelt í Kaupmannahöfn í maí 1956) og vinnuafkasta yfir veturinn, en bréfið með boðinu var einmitt stílað á listhúsið. Aðstæður og efnahagur leyfðu því miður ekki að ég gæti þegið boðið, og næstu tvö árin var ég heima og á kafi í málverkinu.“



Steinþrykk, 1956.



Steinþrykk, 1956.

1955-1963



til vinstri, Íhygli 1956.

að ofan, Reynistaðabræður, 1956-57.

HVERNIG VAR AÐ KOMA HEIM TIL ÍSLANDS ÚR NÁMI Á ÞESSUM TÍMA. VAR VEL TEKID Á MÓTI ÞÉR?

„Það var ekki svo að þjóðin né blaðamenn væru mættir á hafnarbakknum þegar Gullfoss lagði að bryggju í Reykjavík snemmsumars árið 1956 þótt ég taldist hafa unnið góðan listasigur í Kaupmannahöfn um vorið. Nei, ég var kominn upp á Steinadalshéið tveim eða þrem dögum seinna til að safna peningum yfir sumarið og farinn að lappa upp á brúna þar.

Í báða vegu var ekki langt í magnað útsýni. Gilsfjörðurinn annars vegar en Kollafjörður í Strandasýslu hins vegar og víða var brunað um Reykhólasveit.“

Tíminn á grafíkverkstæðinu í Kaupmannahöfn átti eftir að verða afkastamesta og samfelldasta tímabil Braga í grafíkinni.

„Þar með upphófst eitt frjóstasta grafík tímabil Braga og jafnframt eitt merkasta tímabil íslenskrar grafíklistasögu. Frá nóvemberbyrjun 1955 og fram í maí 1956 gerði hann um og yfir 30 stórar steinþrykksmyndir, fimm á mánuði, sem eru mikil afköst, ekki síst þegar byrjandi í steinþrykki á í hlut.“
(Aðalsteinn Ingólfsson, 1993, bls. 21.)

skrifar Aðalsteinn Ingólfsson í bókina Líf í Grafík sem gefin var út í tilefni af sýningu á grafíkverkum Braga í Listasafni Íslands árið 1993.

„Þessi miklu afköst Braga í steinþrykkinu virðast ekki hafa komið niður á gæðum myndanna, því allar eru þær rismiklar, hvort sem litið er til grafískra einkenna þeirra eða listrænna eiginleika í víðara skilningi. Þær eru að mestum hluta óður til hins „mikla, óþreifanlega forms“ konunnar, sem danski listfrömuðurinn Sigurd Schultz nefndi svo í grein um Braga hvers listrænar rætur lágu aðallega í nýklassísk þriðja áratugarins, til að mynda konumyndum þeirra Picassos og Derains.“
(Aðalsteinn Ingólfsson, 1993, bls. 21-22.)

Enn frekari vitnisburð um hin miklu átök og afköst Braga á grafíkverkstæðinu er að finna í ævisögu dönsku listakonunnar Helle Thorborg: Billedet er mit sprog sem kom út árið 1996. Þar víkur hún sérstaklega að Braga.

„Ég man eftir manni sem var fullkomlega heyrnarlaus. Hann stillti sér upp við litógrafískan stein þegar við einu sinni á viku höfðum aðgang að fyrirsætu. Það var alltaf endalaust þref um stellingu fyrirsætunnar, en meðan hún sat og beið batt þessi heyrnarlausí Íslendingur enda á allar vangaveltur með því að stilla henni upp og fara að teikna. Þá máttum við hin allra náðarsamlegast gjöra svo vel að fylgja honum (þænt fólge trop).“
(Helle Thorborg, 2006, bls. 15.)

„Sjálfur kunní ég ekki fullkomlega að meta þessar myndir mínar leit frekar á þær sem inngang að komu minni á vettvang grafíklistarinnar, áleit þær áfanga fremur en eitthvað



Skugginn, 1956.

1955-1963



endanlegt, nafnspjald frekar en hand-
artak,” segir Bragi sjálfur löngu síðar.

Grafíkmyndir Braga hafa vakið at-
hygli og aðdáun hér heima og erlendis
og hafa þær ratað víða. Margir segja að
grafíkverk listamannsins frá þessum tíma
séu með því allra besta sem eftir hann
liggur. Sem dæmi þá átti Bragi einn Ís-
lendinga verk á samnorraenni grafíksýn-
ingu á Charlottenborg í Kaupmannhöfn
árið 1956. Í Tímanum í janúar 1957 birtist
frétt um sýninguna þar sem vitnað er í
nokkra listdóma. Jan Zibrandtsen í Ber-
linske tidende skrifar:

„Hann kemur hér fram sem hæfileika-
mikill fulltrúi þjóðar sinnar með hinar
stóru, tjáningarríku litógrafíur af sitj-
andi eða standandi módelum.“
(Berlinske Tidende, 4. nóv 1956, bls ???)

Í Social-Demokraten segir J.M.N. um
verk Braga:

„Ísland, já Ísland, á hér aðeins einn
fulltrúa, Braga Ásgeirsson, sem er
ungur svartlistarmaður. Tjáning hans
í litógrafískum módelstúdíum er mjög
sterk, þróttmikill expressionismi, mikill
uppreisnarandi.“
(Social-Demokraten, 2. nóv. 1956, bls ???)

Grafíkverk Braga á þessum tíma
voru verkinu, en á sjötta áratugnum var
síður en svo talið listamönnum til tekna
að vinna fígúratívt (hlutlægt).

Á þessum tíma voru fígúratív vinnu-
brögð „í banni“, raunar „ígildi glæps og

föðurlandssvika“, hvað varðaði fram-
sækna unga listamenn og aðra áhang-
endur módernismans, að sögn Braga.
„Undanvillingunum var jafnvel ekki heils-
að á götu. Þetta var samt ekki með öllu
íslenskt fyrirbæri. Þetta var innflutt eins
og margt annað. Jarðvegurinn var öf-
ugsnúinn. Ég var frekar litinn hornauga
fyrir velgengnina en hitt, eins og ég
væri að stela glæpnum. Allt nýtt þurfti
að koma frá forverunum og að utan,
helst París, eins og gerist enn í dag, en
sviðið sem betur fer víðfeðmara.

Þessi vinnubrögð (fígúratív vinna)
voru ekki viðurkennd af framúrstefnu-
listamönnum ytra og listamönnum eins
og Picabia, Héliou og Man Ray var ýtt
til hliðar.

Hér er tilefni til að minnast þess að
félagar Sigurjóns Ólafssonar mynd-
höggvara úti í Danmörku litu hann horn-
auga fyrir „hausana“ sem hann er í dag
einna nafnkenndastur fyrir.“

HVERS VEGNA VANNSTU FÍGÚRATÍVT Í GRAFÍK EN ABSTRAKT Í MÁLVERKI Á ÞESSUM SAMA TÍMA AÐ SEGJA MÁ?

„Í fljótu bragði liggur sjálfsagt fyrir að
ekki sé auðvelt að spá í það,“ segir Bragi
hugsi á svip. „En hér kemur menntunar-
grunnur vafalítið við sögu. Einnig að ég
leit öðruvísi á grafík en málverk. Mér
þótti hún alveg sértækt tjáningarform í
verðandi sinni en ekki vinnukona



af ofan, Aquatinta, 1959.

á fyrri síðu, ofar, Páfagaukurinn, 1959.

á fyrri síðu, neðar, Furðufuglinn, 1959.



Fuglar, 1959.

1955-1963



málverksins og var síður að fjölfalda málverk mín og riss. Það er öllu meira af möguleikum í málverkinu. Litur, form, klíðmjúk blæbrigði, hrynur og línur sem erfiðara er að túlka í grafík.

Ég hefði án efa átt mun meira erindi í grafíkina og var með nóg inni, en áhugi minn beindist kannski full fljótt á önnur svið og að því að standa á eigin fótum í ímynduðum myndheimi mínum. Ég var einnig búinn að þjálfa mig upp og gera allar þessar teikningar í Róm (1953-54), sem mér datt aldrei nokkurn tíma í hug að yrðu söluvara, en hafa alla tíð verið opin tekjulind fyrir mig, en ég hef verið tregur að láta þær frá mér fara. Framtíðin hefði trúlega orðið önnur ef ég hefði haldið þessu áfram.

Ég var uppfullur metnaðar, ungur og áhrifagjarn en það þótti jafnvel ekki fínt hjá sumum íslensku mótternistunum að vera í grafík, þeir töldu hana úrelta listgrein, skondið nokk. Það var þó í takt við blint niðurrif fasískra mótternista á eldri gildum á þeim tímum og má vera skiljanlegt. Heimurinn var nýr og ferskur eftir innilokun og ragnarök styrjaldarinnar. Ástandið var eitthvað líkt og þegar óveðri slotar eða jarðskjálfti er genginn yfir og grómögnin taka við sér aftur.

Kannski spilaði hér líka í og með inn í landlæg þjóðsagan um brautryðjendurna okkar sem áttu að hafa kastað frá sér akademísku hefðinni um leið og þeir



að ofan, Veggspjald, 1993.

á fyrri síðu, Málmæting, 1959.

hættu í skóla, sem var og er meira og minna bull. Ný viðfangsefni, nýtt umhverfi, og að þeir stóðu nú á eigin fótum og voru ekki lengur með bendiprik skólafstofnanna á bakinu, kröfðust einfaldlega annarra og sjálfstæðari viðhorfa“

Í „Líf í grafík“ ræðir Bragi þetta nánar;

„Ég hreifst af hvort tveggja fígúratífri og óhlutlægri list, og hneigðist til að standa utan við allt þras um hvort ætti meiri rétt á sér. Ég minni á að fígúran, það er mannlikaminn, er í eðli sínu meistaraverk náttúrunnar í flatarmálsfræði – geómetríu. Og það er svo margt abstrakt í hlutlægum myndum. Fyrir mér eru sömu grunnlögmá að baki í báðum tilvikum og maður getur verið jafn upptekinn af geómetríu myndflatarins þótt unnið sé hlutlægt. Þannig er ekki hægt að úrelða fígúruna vegna þess að í henni eru fallin svo fjölbætt myndræn sem flatarmálsleg lögmál.“ (Aðalsteinn Ingólfsson, 1993, bls 22.)

Árið 1958 fer Bragi til náms við Listaakademíuna í München í Þýskalandi eftir að hafa unnið heima á Íslandi í tvö ár.

„Ég var þá svo lúsheppinn að fá vinnu-aðstöðu í Hrafnistu, Dvalarheimili aldradæra sjómanna, sem þá var í byggingu, og naut ég hennar allt til haustsins 1958 er ég hélt aftur utan. Ég átti þó að vera löngu farinn úr húsinu enda var starfsemin komin á fullt en ég naut skilnings og velildar Sigurjóns forstöðumans og Rannveigar konu hans. Dvölin greiddi ég með myndverkinu mikla í anddyri aðalálmunnar sem enn stendur, þótt

reglulega muni hafa komið til tals að mála yfir það.“


Í akademíunni í München lætur Bragi graffíklitina að mestu lönd og leið eftir að hafa skipt um prófessor. Hann vinnur nú einkum að geómetrískum abstraktmálverkum undir leiðsögn hins vel þekkta franska málara Jean Jaques Deyrolle, sem kom fljúgandi frá París til München til að kenna, einu sinni í mánuði.

Meira er fjallað um tímabilið í kaflakanum um málverkið.



Bragi pressar graffík í Kauðmannahöfn, 1984.

1955-1963





1955-1963



| AUGNASINFÓNJA

40

Freistingar 1, 1988.



Freistingar 2, 1988.



Freistingar, 1988.

1955-1963

FJARAN OG ÉG URÐUM VINIR (BROT)

Áhorfendur afstæðra ósamfíma leiksýninga
á leyndardómsfullu sviði
næturhiminsins
höldum við á fund þess hljóða anda
sem býr þar; ekki í fylgd með vísindamanni
heldur skáldi orða og mynda hugvitsmanni
og farfuglsunga; þangað sem ljóskonungur
situr að tafli á auðu sviði, en
fyrir opnum fjöldum; leitum
sandkorns og vetrarbrauta
göngum fjörur að ósi
með reynslu allra kynslóða
og eðlishvöt kríunnar
að leiðarljósi

VI

Enn veður sólhjörtur þessi bláfextu
hafdjúp og hlédrægir skuggar leika
við fingralanga geisla í lynggrænum
hlíðum, þei þei - og málarinn segir: ég fór
alltaf snemma út á hlað
og leit á tunglið þegar dagurinn
faldi sig fyrir nóttinni, allt hljótt um kring
og tónar augna minna leituðu
lofts og lérefts og fjaran og ég urðum
vinir: heyrnarlaus fíndi hann steina
og eina og eina klukku á
á þangbrúnni strönd sem angaði
af brimi og seltu, þei þei og við hugsuðum
með skáldi óðinhanans: til eru góð
skáld sem yrkja aldrei góð
kvæði og sólinni blæðir undir kvöld

á bólupangið og þara á ávölu grjóti
og þeir spurðu: yrkir þú ekki fyrir fólkið?
Hvaða fólk? kannski vinnumennina
hjá honum Dósópeusi Tímóteussyni? Og ég
sé ykkur ganga með Munch gegnum ópið,
það
er gott ég er heyrnarlaus sagðir þú, fyrir
bragðið verð ég hvorki lögfræðingur eða
prestur
né eyru mín öskutunna fyrir þessi daglegu
ónot: krunk krunk gargar hrafninn
hjá Poe en þú tilbrigði hróplauss tíma
sem stendur kyrr í myndum þínum
og glímir við ópið og óttan, himin
og haf fjöll stendur og nakta konu
sem er eins og fyr óviss um sína hagi
og við f öldum okkur í ópi þessa
markvissa krunks, heyrðum landið tala
þar sem smalarnir hóa í þögn þei þei, heyrð-
um
tóna og liti og slitur úr stefjum
eins og blóm og grös spryngju út
í lyngvöxnum augum þínum
Bragi.
Þegar daginn tók að lengja
og engjarnar urðu grænar af bláu
grasi óð sólhjörturinn inn í vitund
okkar og veröld, rauði liturinn? ætli hann
tákni ekki ástina sagði Svavar Guðnason
út úr hjarta þínu
og Munchs.

Matthías Johannessen 1981



Huginn og Muninn, 2003.



POPP

1963-1980

1963-1980



á fyrri síðu, Sunnudagur í júní, 1968.

Hringekja, 1967/69.



Samkvæmissigurinn, 1978.

„Hvernig á að dæma um málverk þegar þau eru orðin relieff og farin að hafa efnislegt ornament? Eru þau málaður skúlptúr?“



Halldór Kiljan Laxness, 2002.

Þannig spyr Halldór Kiljan Laxness rithöfundur á bleðli sem hann hafði párað og sent Braga, þar sem þeir eru staddir samtímis á jarðhæð í Unuhúsi á Veghúsastíg þar sem Bragi var með sýningu á efri hæðinni. Listamaðurinn hafði þarna einmitt tekið nýja stefnu og farið að gera myndverk að því er virtist undir áhrifum frá popplísi.

Verk frá þessu tímabili í list Braga hafa verið kölluð ýmsum nöfnum en auk þess að vera kölluð poppverk þá hafa þau verið kölluð upphleypt verk og upplímd

verk, en einnig hafa menn notað orð eins og „rusllísi“ (Halldór Björn Runólfsson), „samsetningar“ (Aðalsteinn Ingólfsson) og „samhrúgunarmyndir“ (Gunnar Kvaran). Sumir gagnrýnendur blaðanna töldu meira að segja á tímabili líklegt að Bragi væri á leið úr málverki yfir í höggmyndalist, en svo fór þó aldrei.

Á einni nóttu virðist Bragi nánast hafa gefið upp á bátinn þau öguðu akademísku vinnubrögð sem hann hafði viðhæft allan sjötta áratuginn og gefið sig á vit þessum poppverkum. Rétt fyrir 1960 hafði Bragi verið að mála sín geómetrísku abstraktmálverk undir handleiðslu Deyrolle og rétt þar á undan, eða árið 1955-1956, að þrykkja hinar formsterku kvenmyndir á grafíkverkstæðinu í Kaupmannahöfn. Þegar hann flytur svo alkominn heim til Íslands, hættir hann nær alveg að gera slík verk og er fram líða stundir fer hann að tyna til fundna hluti, þjötur og dót, og festa á myndflötinn.

Áhrif frá popplísinu *art povera*, *assemblage*, *mixed media* nýdada og jafnvel *surrealism*a eru ráðandi í list Braga upp frá þessu, eða á tímabilinu frá 1963-1980. Þrátt fyrir áhrif úr ýmsum áttum á tímabilinu og að listamaðurinn láti gamminn geysa, má samt alltaf greina sterka byggingu. „Það eru ekki áhrifin víða að sem marka aðalatriðin heldur útkoman í hverju einstöku sköpunarverki fyrir sig,“ segir Bragi.

1963-1980



Bragi hefur í gegnum tíðina oft þurft að útskýra þessi verk sín fyrir blaðamönnum.

„Munurinn á mér og poplist er sá að ef ég tek einhvern hlut, til dæmis sokk eða flibba, þá nota ég aðeins þá skemmtilegu áferð, sem nylonið gefur, en er ekki að leitast við að ná þessum hlut eins og hann er – aðeins að ná áferð á myndfletinum. En poplistamaður tekur hlutina eins og þeir eru og kemur þeim fyrir í myndinni og býr þannig til andstæður. Á þessari hvítu mynd hérna – þar eru reglustika og tveir penslar undir léreftinu – poplistamaðurinn mundi láta þá vera ofaná.“
(Þjóðviljinn, ?? nív. 1964, bls ??)

Það er mikilvægt að hafa í huga að á þessum tíma þegar Bragi tekur nýja stefnu í listinni er upplausn hjá ungu fólki í samfélaginu. Bítlarnir eru að koma til sögunnar, ungt fólk fór að safna hári og Ísland er orðið tengdara umheiminum en áður. Bandaríkin mörkuðu stefnuna eftir hernaðarbrólt undangenginna ára og New York er orðin listhöfuðborg heimsins í grein í bók um þetta tímabil í listasögunni og þá listamenn sem eru að koma fram á sjónarsviðið undir áhrifum frá pop, fluxus og nýdadaisma, segir Halldór Björn Runólfsson:

„Það fór ekki hjá því að listamenn þessarar kynslóðar snéru baki við þeirri klisju sem abstraktmálverkið var orðið á listamarkaðnum, og reyndu að horfast í augu við þá tröllauknu klisjufabríku sem síðkapítalismiinn var orðinn í heild sinni, þar sem allt er gert

að verzlunarvöru og gildi hlutanna hefur fyrst sannað sig þegar þeir hafa skilað sér annars vegar á öskuhaugum neytlusamfélagsins og hins vegar í sívaxandi sjóðum kapitalistanna. Aðferð popplíamannanna varð í raun og veru sú hin sama og markaðsaflianna: að eyða merkingu hlutanna og gefa þeim skiptagildi um leið.“
(Halldór Björn Runólfsson, 1989, bls 14.)

HVER VAR ÁSTÆÐAN FYRIR ÞESSUM UMSKIPTUM ÞÍNUM Í LISTINNI?

“Hún var nú í og með aðstæður og tímahrak. Tímabilið frá 1960 til 1963 var trúlega um margt það erfiðasta í lífi mínu og list. Ég hafði enga vinnustofu og var á vergangi með mína liti og stríga, nema að ég hafði inni í Handíðaskólanum á sumrin.

Þetta ástand var þvert á ráðleggingar Deyrolles sem að skilnaði í Þýskalandi lagði áherslu á að öllu skipti fyrir mig að vinna mikið og vel á árunum sem í hönd færu, og hann þóttist sjá drjúgar breytingar í nánd. En þetta snerist sannarlega á annan veg og fór mjög illa í mig. Þegar ég byrjaði svo aftur á fullu var ég breyttur maður og svo krefst sígilda tæknin oftast en ekki meiri tíma, staðfestu og yfirlegu.”

Víst er að upphleypt verk Braga eru ekki hreint popp, eins og hann ýjar sjálfur að hér að framan. Bragi stóð mun nær hefðbundinni byggingu málverksins en popplíamennirnir. „Fyrir mér lá



Hjól tímans, 1978.

1963-1980



Bragi í vinnustofu sinni að Austurbrún 4 í Reykjavík, 1988.

ekker niðurrif og afbyggjandi ferli að baki, menntamannamarxismi né hatur til hinna borgaralegu gilda. Miklu heldur fagurfræðin í úrkynjuninni, eitthvað líkt og þegar náttúran deyr á haustin, hlutir eldast og mást, járn ryðgar.

Verkin eiga í sjálfu sér ekki heldur beina samsvörun við hugmyndafræði popplistarinnar, viðteknar aðferðir hennar og stíl. Frekar er um að ræða skyldleika við myndlist sem notfærir sér fundna hluti þannig að úr verður fagurfræði, sem hófst með myndlistarmönnum eins og Jean Arp, Duchamp, Francis Picabia, Man Ray o.fl.“

Það rofaði loksins til í húsnæðismálum Braga á útmánuðum 1964, þegar hann fékk inni í óinnréttuðum sal á efstu hæð í háhýsinu að Austurbrún 4, sal sem upprunalega var ætlaður sem sameiginlegt rými íbúanna í húsinu en



Kogga, Bragi, Elsa Guðmundsdóttir og Kolbrún eiginkona Braga, á gömlu kennarastofunni í Myndlista- og handiðaskólanum, 1971.

ekki varð af. Hann tók húsnæðið alveg í gegn og breytti í vinnustofu, sem var mikið verk.

Fyrstu 30 árin leigði Bragi vinnustofuna, en keypti hana svo loks á fúnda áratugnum, ella hefði hann misst hana. „Þá hafði ég langt í frá efni á þessu, en þetta reyndist heppilegur tími fyrir mig og mál björguðust. Mig minnir að ég hafi haldið sýningu um þetta leyti og selt framar vonum sem gerði mér kleift að standa við kaupin. Á síðasta ári bauðst mér að gera tilboð í íbúð á hæðinni fyrir neðan, sem hefði verið í meira lagi hentugt og frábært, en þá var ég ekki eins áræðinn og snöggur. Það munaði einni viku eða svo.“

Miðað við hve vinnustofan er Braga kær, þá hafa kaupin á henni líklegast verið einn mesti happafengur á ævi hans sem listamanns.



Bragi, um 1970.

1963-1980



| MYNDLIST BRAGA ÁSGEIRSSONAR | 60 ÁR

Tilbrigði á Litumánuði, 1965.

51

1963-1980



En það var fleira en aðstöðuleysi sem varð til þess að Bragi fór að gera tilraunir með dót, drasl og efnislega dýpt í myndverkum sínum. „Ég tók eftir tilraunum ítalskra og hollenskra núlistarmanna þegar ég var á Ítalíu og seinna að Jóhann Eyfells blandaði ull í litina á sýningu hér heima að mig minnir árið 1962. Mér fannst það forvitnilegt og úr því spannst meðal annars að fiska upp hluti í málverkin mín til að marka þeim meiri efnislega dýpt. Svo fór ég í fjöruferðir með krökkunum mínum og þau settu fundna hluti, einkum veðraða brúðuhöfdu og dúkkur í lófa karls með þeim fyrirmælum að nota ætti þau í listaverk. Þannig að þetta er líka þeim að þakka – eða kenna. Þessar ferðir í fjöruna við Selsvör og víðar voru magnaðar. Það var eitthvað svo lífgandi að fylgjast með hvernig börnin uppgötvaðu hlutina, komin í óræðan lífheim ævintýranna.“

„Brúðuhöfuðin sem lágu velkt í fjörunni höfðuðu einhvern veginn svo sterkt til mín í umkomuleysi sínu og mig langaði skyndilega að hefja þau til fyrri reisar, er þau voru lífandi þáttur í lífi lítilla barna. Ég vil geta þess að það er furðulegt að rekast á þessi höfuð mörg saman í fjörunni líkt og þau hafi haft samflot – þetta er líkt og magnað leikhús, þar sem tíminn hefur sett sinn svip á andlitin þannig að svo er líkast sem séu þau gædd ríkri sjálfsvitund.“
(Morgunblaðið, 16. nóv. 1969, bls 2.)

Fjúga hvítu fiðrildin, 1978.

Tímabil fundinna hluta, „popptímabilið“ í list Braga stóð sem fyrr segir alveg til 1980. Síðasta myndverkið í þessum dúr sem tilheyrir því er reyndar frá 1982. Myndverkið er smekktfullt af allskyns rusli, og telst líklega lokapunkturinn á samfelldu ferli, „...enn ein hurðin féll þá aftur,“ segir Bragi.

HVENÆR NÁKVÆMLEGA BYRJAÐIRÐU Á ÞESSUM VERKUM?

„Fyrsta algebra verkið af þessu tagi varð til um 1963-64. Ég gerði svo nær eingöngu þannig verk fram til 1979 og hætti að mála málverk í mörg ár. Ég minnst þess nú að góðkunningi minn Björn Þ. Þórðarson, háls-, nef og eyrnalæknir, hvatti mig eindregið og endurtekið að taka til við málverkið aftur, og raunar gerðu það margir fleiri. En það var voðalega erfitt þegar að því kom. Ég hafði glatað tilfinningunni, eins og franskir listmálarinn Toulouse Lautrec þegar hann hafði eingöngu teiknað lengi og hugðist taka til við að mála aftur. Þá gat hann það ekki, hafði misst þráðinn og fór að gráta.“

Þó Bragi ynni nú ekki lengur í grafík eða hefðbundnu málverki, var hann þeim mun duglegri að miðla þekkingu í tækninni til annarra, og síðar að kenna fleiri greinar myndlistar, einkum grunnatriðin. Með kraftmikilli kennslu sinni átti hann til dæmis stóran þátt í því að til varð heil kynslóð grafíklistamanna sem

áttu eftir að slá í gegn og blómstra um tíma í íslenskri myndlist. „En um leið vanrækti ég sjálfan mig.“


Verk Braga unnin á sjötta áratugnum tilheyra móðernísku bylgjunni í íslenskri list og eiga verk hans sér vísan stað á yfirlitssýningum um það tímabil í listasögunni. Efnislegu myndverkin (poppið) eru hins vegar sér á báti, enda þóttu þau nýstárleg og á skjön við margt annað sem verið var að gera á þessum tíma.

Bragi segir að fram að fyrstu sýningu hans á þessum verkum hafi enginn þorað að sýna „svona dót“, enda stóð ekki á misjöfnum viðbrögðum gagnrýnenda.

Um sýningu Braga í Listamannaskálanum vorið 1966 hefur Valtýr Pétursson þetta að segja í Morgunblaðinu:

„Ekki verður með sanni sagt, að Bragi Ásgeirsson sé alger popplistamaður, en því verður heldur ekki neitað að sú sýning, er hann nú heldur í Listamannaskálanum, gefur greinilega til kynna, að Bragi hefur orðið fyrir miklum áhrifum af þessum seinustu hræringum í myndlist aldarinnar. ... Það er sannarlega virðingarvert hjá Braga Ásgeirsyni að snara sér útf hringið lífandi stundar og taka þátt í því, sem er að gerast meðal ungra listamanna hvarvetna, en því miður hefur þessi sýning Braga ekki hrifð mig, og ég er handviss um að Bragi getur miklu betur en hann sýnir að sinni. Þetta er forvitnileg sýning og mjög ólík því, sem við eigum yfirleitt um að venjast.“

(Morgunblaðið, ?? 1966, bls. ??)



Valtýr Pétursson, vinur Braga, myndlistarmaður og gagnrýnandi.

1963-1980

MÁLVERKASÝNING
BRAGA ÁSGEIRSSONAR Í UNUHÚSI, NÓV. 1969.

Myndskrá

1	Hringekja	1969	30.000
2	Sálarguggar II	1968	60.000
3	Timahjól	1969	16.000
4	Leikhús fjöruborðsins	1968	26.000
5	Dropi	1969	16.000
6	Eldgígur	1968	14.000
7	Sköpun	---	21.000
8	Hringrás	1969	30.000
9	Tákn í hjarni	'65 og '69	---
10	Á bláum grunni	1969	---
11	Eldstrengir	1968	---
12	Á grensam grunni	'68 og '69	---
13	Leikhús ágústmánans	1969	30.000
14	Appolló	'66 og '69	---
15	Andlit úr fortíð	'57 og '69	---
16	Nútið og fortíð	'59 og '69	---
17	Aska og demantar	1969	27.000
18	Storknan	1968	8.000
19	Márabotn	'68 og '69	---
20	Húm í myndrými	1968	12.000
21	Pauli	---	14.000
22	Ráknir	---	10.000
23	Elnir	---	12.000
24	Sólstrengir	---	14.000
25	Eldþræðir	1969	5.000
26	Málverk	'68 og '69	8.000
27	Tjöld jarðar	1969	40.000
28	Hrauspeglar	---	40.000
29	Eldstö	---	7.000
30	Sumar	1968	7.000
31	Stef	1969	5.000
32	Sólatafir	---	5.000
33	Logastafir	---	---
34	Bláskjár II	---	70.000
35	Storka	1968	6.000
36	Alfadans	1969	10.000
37	Málverk, bak og fyrir	'66 og '68	20.000
38	Púlakvi	1968	8.000

Myndirnar er heft að fá með aftersagnarkortinu.

Málverkasýning Braga í Unuhúsi, nóvember 1969.

„Þegar ég hélt fyrstu sýninguna í Unuhúsi, 1967, kom Valtýr á sýninguna í samfloti við Hafstein Austmann listamála og hristi mjög áhyggjufullur höfuðið þegar þeir félagar fóru niður stigann. Ég fékk í kjölfarið slæma útreið hjá honum í Morgunblaðinu.“

Árið eftir gekk Hjörvarður Árnason einn af kúratórum Guggenheimsafnsins í New York, sem þá var í heimsókn með Valtý, um Haustsýningu FÍM í Listamannaskálanum. Hjörvarður sem var maður fárra orða, gekk rólega um salinn en sagði ekkert, en svo þegar þeir voru á leið út af sýningunni stoppar hann í dyragættinni og segir við Valtý: „farðu aftur með mér inn“, staðnæmist við verk mín og segir: „þetta er mjög athyglisverður myndlistarmaður“.

Þetta sagði mér Valtý sjálfur eða einhver hafði beint eftir honum.

Næst skeði að ég fékk mjög góðan dóm frá Valtý varðandi sýningu svipaðra verka á sama stað 1969. „Nú hlær Bragi. „Það sýnir hvað gagnrýni á Íslandi er fallvölt, og ég sjálfur er vísast engin undantekning á þeim hála vettvangi. Mér hafa vafalaust líka orðið á mistök. Engin gerir allt rétt.“

„Ég held að það sé ekki ofsagt að þessi skemmtilega sýning Braga sé sú langbesta er hann hefur komið saman. Það er mikið átak, sem átt hefur sér stað hjá Braga Ásgeirssyni, síðan hann sýndi verk sín í Listamannaskálanum 1966. Sú sýning var hvergi

eins jöfn og góð og sú sem nú er í Unuhúsi. ... Bragi hemur litina miklu meir en áður var, og jaðrar við að í sumum þessum nýju verkum að þau megi teljast einlit. En þá grípur hann líka oft til annarra ráða, notar ýmislegt til að gefa myndfletinum sérstakt líf, eins og t.d. snærishankir, rekavið eða tómar litatúbur að ógleymdum rörbútum, sem og jafnvel sundurskornar brúður koma víða við sögu. Nú freistast ef til vill einhver til að kalla þessi verk popp list en ekki hvarflar það að mér. Bragi notar aðeins þetta dót til að gefa verkum sínum fjölbreytni, en hugsar alltaf um að útkoman verði málverk, en ekki hótfyndni eða sprell til að vera öðruvísi en aðrir,“ segir meðal annars í dómi Valtýs. (Morgunblaðið, 6. apríl 1967, bls. 10)

„Ég hitti Hjörvarð nokkru seinna á Hótel Borg og hann bað mig um að senda sér litskyggnur út til Guggenheim, sem ég og gerði. Hjörvarður lét þær svo í hendur Dorothy Waldman sem skrifaði mér vinsamlegt bréf og sagði að það væri erfitt að gera sér grein fyrir myndverku af litskyggnum og bað um meira og vildi fá að fylgjast með þróun minni næstu árin. Ég sendi henni hinsvegar aldrei neitt.“

Ég var og er ekki mikið fyrir að ýta mér áfram og markaðssetja. Við þetta má bæta að ári áður hafði ég sett slíkar myndir fyrir sýningarnefnd FÍM vegna Haustsýningar, en hún hafnaði þeim og limirnir báðu mig í guðanna bænum að senda sér málverk. Einn sagði þetta ljótustu abstraktmyndir sem hann hefði nokkurn tíma séð!“



Sorpdýngja, 1978.

1963-1980





Nótt í nautnahverfi, 1970.

Öft er vísað til myndverka SÚM hópsins sem nýs upphaf núlísta á Íslandi, með afbyggingu málverksins og uppbroti á hefðbundnum miðlum og vinnuaðferðum. Rétt er þó að staldra aðeins við því Bragi gerði og sýndi verk með aðskotahlutum í á undan fyrstu SÚM sýningunni 1965 og löngu á undan fyrstu sýningu SÚM hópsins 1969 sem fullmótaðs hóps.

„Það var annars árið 1964 að Kristján Guðmundsson og vinur hans Eysteinn Jónsson frá Munkaþverá stofnuðu galleri á Klapparstíg 16. Þar sýndi ég stóru hvítu myndina mína sem Listasafn Íslands festi sér. Það var í eina skiptið sem ég hlutaðist beint til um það sjálfur að Listasafn Íslands keypti af mér myndverk, annars trana ég mér aldrei fram, og þar naut ég þorvaldar Skúlasonar sem var í innkaupanefndinni og vissi að ég var fjárþurfi vegna húsnæðisins á Austurbrún 4.

Þessi sýning hlýtur að hafa hreyft eitthvað við þeim Sigurði og Kristjáni Guðmundssonum.

Vorið 1966 hélt ég svo stóra sýningu í Listamannaskálanum, þá þriðju og síðustu í þeim merka skála. Þá var ég með mikið af myndum með hlutum í. Það hafði verið SÚM sýning í Ásmundarsal í maí 1965, en ég sá hana ekki þar sem ég hafði á sama tíma og sýningin stóð yfir verið í Bandaríkjunum og Kanada að heimsækja lítinn son minn í Toronto

og skoða listasöfn í leiðinni. Þannig að trauðla varð ég fyrir áhrifum af þeim í þessum málum, ei heldur Dieter Roth, en ég vissi vel af þeim manni.“

Þarna vísar Bragi til SÚM I sýningarinnar í Ásmundarsal 1965 sem var fyrsta sýning nokkurra ungra manna, Jóns Gunnars Árnasonar, Sigurjóns Jóhannssonar, Hreins Friðfinnssonar og Hauks Dórs Sturlusonar sem á útmánuðum 1969 tóku að sýna reglulega undir SÚM nafninu. Upprunalegi hópurinn átti síðar eftir að stækka og bræðurnir Sigurður og Kristján Guðmundssynir að bætast við meðal annarra. Súm tímabilið stóð til 1972.

Bragi varð aldrei hluti af SÚM hópunum en hann segir að áhugi hafi verið meðal einstakra SÚM liða að fá hann til að sýna í húsakynnum þeirra upp af portinu við Vatnsstíg.

EN HVERNIG TÓK ALMENNINGUR ÞESSUM VERKUM ÞÍNUM?

„Það var ótrúlegt hvað fólk tók þessum nýstárlegu verkum vel og þetta voru yfirleitt góðir kaupendur með hjarta fyrir myndlist. Ég seldi mest tuttugu til tuttugu og fimm verk á nokkrum sýningum. Einu sinni seldi ég verk þar sem uppistaðan var einn gamall og lúinn nærbuxnastrengur. Kaupandinn hefur trúlega ekki haft grænan grun um að það væri þesslags strengur í verkinu

1963-1980



Lífríkið, 1977.



Lífflæði 1980-2007.

en þetta voru að mínu mati góð kaup, verkið stóð fyrir sínu.“

Og gagnrýnendur voru farnir að dásama verkin einnig;

„Einn mesti afreksmaður í myndlist – í mörgu tilliti – er án efa Bragi Ásgeirsson listmálari. ...List Braga hefur tekið miklum framförum. Myndmálið er skýrara og liturinn syngur og leikur við hvern sinn fingur. Oft eru myndirnar dálítil saga, eins og til dæmis mynd af samkvæmisljóninu. ...Fyrst þegar Bragi fór að ganga á fjörur og taka til handargagns ýmsa muni sem síðar notuðust til myndgerðar fannst mörgum lítið til koma. Þó urðu fljótlega til magnaðar myndir úr þessu rusli. Ógnvekjandi brúðuandlit, sem bera sál og stingandi augu grímunnar. ... Þeir sem hvað mestar áhyggjur höfðu af myndlistarstefnu Braga Ásgeirssonar geta nú andað léttara.“
(Tíminn, 18. maí 1977, bls ??)

En ekki voru allir gagnrýnendur á sama máli. Ungur gagnrýnandi Dagblaðsins, Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, sagði annríki Braga komi niður á gæðum verka hans:

„Það er erfitt fyrir þá sem hafa mörg járn í eldinum að gera sitt besta í öllum tilfellum og svo hefur það einnig verið með Braga. Myndlistarskrif hans hafa t.d. verið einkennilega kleyfuga, því milli greina þar sem fjallað hefur verið um list af skilningi, þekkingu og hlýju hafa birst pistlar sem varla hafa verið annað en innihaldslítil orðabelgingur – eins og tveir ólíkir menn hafi verið að verki. Sama er

að segja um myndlist Braga. Þar sem hún hefur risið hæst hefur hún verið sneisafull af põesíu og hugmyndaflugi – en inn á milli hafa flotið mörg tilþrífalítil brigsí, kannski fleiri en hjá öðrum listamönnum á hans aldri.“

Og áfram heldur Aðalsteinn:

„Ég álit að samsetningar hans hafi jafnvel þjargað Braga úr listrænum ógöngum því málverk hans þar á undan voru farin að verða æði þyrnkingsleg – en litur hefur aldrei verið sterka hlið hans. Í samsetningunum hafði Bragi frjálssari hendur en áður og allt umhverfið var nú vatn á myllu myndlistar hans en þó var eins og listamaðurinn hikaði við að láta föng sín njóta sín til fulls í myndunum. Þau voru þakin málningu, gjarnan dökkri og drungalegri. Það er ekki fyrr en einlitu verkunum sleppir og barnaleikföngin og brúðurnar koma til sögunnar að Bragi finnur sig reglulega í myndgerð af þessu tagi og spilar bæði á líkingargildi og upprunalegan lit þeirra fanga sem hann og börn hans finna upp af götu sinni til ummyndunar í myndverki.“ (Dagblaðið, 26. maí 1977, bls ??)

Í Alþýðublaðinu skrifar Bragi Jósefsson um sýningu Braga árið 1977 undir yfirskriftinni „Sterkasta sýning Braga til þessa“.

„Þótt íslenskir listamenn hafi oft á tíðum notað samsvarandi efni í myndir sínar er enginn vafi á því að Bragi Ásgeirsson ber höfuð og herðar yfir þá alla, sem gert hafa relief myndir hér á landi. ...Ef til vill er ekki hægt að segja að Bragi sé sérlega frumlegur í efnisvali. Hinsvegar liggur styrkur hans fyrst og fremst í myndbyggingunni, sem er einstaklega öguð og ber vott um mikla þekk-

ingu, næmt skynbragð og mikla reynslu.“
(Alþýðublaðið, ?? maí 1977, bls ??)

Yfirlitssýning Braga „Heimur augans“ sem hann stóð fyrir á eigin vegum á Kjarvalsstöðum 1980 markar skilin milli popptímabilsins og „seinna tímabils“ málverksins á ferli listamannsins. Sýninguna hélt Bragi í tilefni þess að fimmtugsafmælið var í nánd og sýndi hann þá hvorki meira né minna en 366 myndverk frá öllum ferlinum.

Í viðtali við Morgunblaðið í tilefni af sýningunni lætur hann hafa eftir sér, að tími sé kominn til að skipta um gír og snúa sér aftur að málverkinu.




Líffæði 1980-2007.

1963-1980



til vinstri, Fæðing listháttíðar, 1970/71.

að ofan, Hljóðmúrinn 1980.



Listamaðurinn, 2004.



Funi, 2004.

MÁLVERK

1948-2008

1948-2008



AUGNASINFÓNJA

64

Bragi á sýningu sinni "Heimur Augans", 1980.

Poppverkin svonefndu urðu eins konar vörumerki Braga og mjög margir tengja nafn hans helst við þetta tímabil. Kynslóð hans og hinir eldri tengja nafn hans þó líklega meira við hinar formsterku kvenmyndir sem hann vann í steinbrykki eða hin óhlutlægu málverk frá sjötta áratugnum.

Tímabil „hefðbundinna“ málverka á ferli Braga er í stórum dráttum tvískipt. Sjötti áratugurinn og upphaf þess sjöunda teljast vera fyrra tímabilið, en árin upp úr 1980 og til dagsins í dag marka seinna tímabilið.

Haustið 1958 fór Bragi til náms í Þýskalandi á styrk frá DAAD (Deutscher Akademischer Austausch Dienst) og valdi að nema við Listaakademíuna í München. Þar vann hann talsvert af geómetrískum abstrakt myndum, fyrst hjá prófessor Franz Nagel en svo hjá prófessor J.J.Deyrolle. Bragi hafði reyndar af og til þreifað fyrir sér í óhlutlægum formum fyrir þennan tíma, eða allt frá 1948, en kveðst lítið hafa haldið þeim verkum á lofti.

Í Þýskalandi vann Bragi mest sjálfstætt í fríunum sem voru jafn löng og kennslutímabilin. Þar urðu til nokkur lykilverka Braga. Í fríunum voru síðan mánadærliga rökræður um verk nemenda, hvers og eins.

Þess má geta að þeir hjá DAAD brutu eigin reglur um tungumálaþekk-

ingu er Braga var veittur styrkurinn, og var honum úthlutað beint án íslenskrar íhlutunar.

Bragi segir að hér hafi hann notið grafíkmynda sinna frá Kaupmannahöfn sem útlendir velunnarar hans og myndlistarunnendur höfðu sent höfuðstöðvunum í Þýskalandi.

„Líti ég um öxl tel ég líkast til sjötta áratuginn beztu ár ævi minnar. Þá gat ég svo til óskiptur gengið að vinnu minni í málverkinu, nema hvað ég vann öll sumur til 1956 í vega- og brúar- og fyrirhleðsluvinnu. Flest gekk mér í haginn eftir erfið ár og ég vann ýmsa óvænta listasigra. Hefði þetta haldið áfram og ég getað þegið boð prófessors míns, franska málarans J.J. Deyrolle, hefði ég haustið 1960 verið kominn inn á eitt af beztu grafíkverkstæðum heims í París. En þyngjan var tóm, ég giftur og átti fyrir fjölskyldu að sjá, og engin námslán eða marktæka styrki að fá.“

(Morgunblaðið, 3. júní 2001, bls. ??)

Eftir að heim var komið kallaði þýski sendiherrann á Íslandi, sem var áhugaður um myndlist, á Braga og bauð alla aðstoð sendiráðsins hygðist hann vinna meira í Þýskalandi, en sérstakar aðstæður leyfðu það ekki. „En sem fyrr var engri ýtni fyrir að fara frá minni hálfu, þótt viljann og metnaðinn skorti ekki,“ áréttar Bragi.

Aðalsteinn Ingólfsson leiðir líkur að því að Bragi hefði náð langt á erlendum vettvangi, hefði hann í lengst úti:



Myndbygging, 1954.

1948-2008

| AUGNASINFÓNÍA

66



Myndbygging, 1954.



Bygging, 1956.

„Það er engum vafa undirorpið að Bragi er einn menntaðasti og hæfileikaríkasti listamaður sinnar kynslóðar. Hefði hann í lengst á meginlandi Evrópu, eins og skólaborðir hans og félagi, Guðmundur Erró, er meira en líklegt að hann hefði komist eins langt á alþjóðlegum myndlistarvettvangi.“
(DV, 22. sept. 1990, bls. ??)

Þann 18. Nóvember árið 1960 opnar Bragi svo sýningu í Listamannaskálanum nýkominn frá München.

Í Morgunblaðinu fjallar Valtýr Pétursson um sýninguna.

„Tæknikunnátta Braga er með ágætum, og það er auðséð, að hann hefur fengið góða skólun hjá Deyrolle, en þeim báðum, Deyrolle og Braga til mikils sóma, vil ég geta þess sérstaklega að ekki get ég fundið nein bein áhrif í verkum lærisveinsins frá verkum meistarans. Hvorki í lit né formi.“
(Morgunblaðið, 26. nóv. 1960, bls. 15)

Gunnlaugur Þórðarson segir m.a. í Alþýðublaðinu um sömu sýningu:

„Verkin eru gerð af miklum dugnaði og vinnugleði, einnig bera þau vott um mjög góða tækni og virðist grafík vera ein sterkasta hlið málarans.“
En Gunnlaugur sér einnig annmarka á sýningunni: „... varla hefur jafn illa upphengd sýning sést hér lengi, og hefði verið betra að vinsa meira úr, þannig að heildarblærinn hefði batnað.“
(Alþýðublaðið, ?? nóv. 1960, bls. ??)



Kyrrð í München, 1960.

Það er ekki laust við kaldhæðni í umfjöllun Felix í Tímanum um sömu sýningu;

„Bragi er ungur og dugmikill listmaður og hvað nám snertir mun ekki hægt að segja, að það sé of lítið, því óefað er hann langskólagengnastur íslenskra listamanna og það hefur ekki svo lítið að segja á voru landi, því við lítum mjög upp til þeirra, sem komist hafa inn fyrir dyr á einhverju akademí og „dvalið í París“. Slíkir menn eru ótvíræðir listamenn í okkar augum, hvað sem tauta kann.“
(Tíminn, ?? nóv. 1960, bls. ??)

Seinna tímabil málverksins, tíminn eftir 1980, er kannski tímabilið sem fæstir þekkja í list Braga Ásgeirssonar, þó að það nái yfir næstum þrjátíu ár.

1948-2008

Á þessum tíma hefur Bragi verið virkur í myndsköpun sem og á öðrum tímabilum á ferlinum, en síðustu 5-10 árin hafa þó að áliti margra verið hvað frjósöm-ust á öllum hans ferli. Bragi er enda fullkomlega hættur kennslu og búinn að stórminnka skrif fyrir Morgunblaðið, „jafnvel hættur alveg“ að því er hann segir sjálfur.

Verk frá þessu 28 ára tímabili eiga því vafalaust effir að koma mörgum á óvart.

Halldór Björn Runólfsson listfræðingur skrifar um afmællissýningu Braga árið 2001, þegar Bragi varð sjötugur. Þar ber hann lof á myndir þar sem listamaðurinn er frjálst í forminu.

„Það virðist næsta augljóst að Bragi er bestur þar sem hann er í mestum og nánustum tengslum við samtíma sinn. Það er hvorki sem síðbúinn kúb-isti eða reglufastur hreinflatamálari sem hann lætur mest að sér kveða, né heldur sem fígúratífur listamaður. Nei, Bragi er bestur þegar hann er sem frjálstastur og gleymir öllu því sem skólunin kenndi honum. Efniskönnunin og frjálst pensilfarið – ferð án fyrirheits – í ljóðrænu myndunum lýsir málara sem hefur alla burði til að vera óham-inn og leikandi. Það vill oft gleymast að Bragi er af sömu kynslóð og Gerhard Richter og Jasper Johns, eilífið yngri en Cy Twombly og Yves heitinn Klein, en örlífið eldri en Jim Dine.“
(Morgunblaðið, 3. júní 2001, bls. ??)





Tening, 1954.

1948-2008



| AUGNASINFÓNÍA

70

Bygging, 1959.



ofan, Vibration, 1955.

til hægri, Myndbygging, 1960.



1948-2008

| AUGNASINFÓNÍA



72

Floating, 1965.




Lífheimur, 2006.



Birtan, 1995-99.

1948-2008



Blámi, 1995.




að ofan, Blik, 2003.

til hægri, í hafrótinu, 1997.



1948-2008





fyrri síða til vinstri, Systurnar, 2000.

fyrri síða til hægri, Hryn, 1990-2001.


Flug, 1998.

1948-2008




til vinstri, Himngrisjur, 1996.

að ofan, Sveipur, 2006.



Spaðadrottningin, 2004.

1948-2008



Fjúk, 2003.




Ólafur Elíasson, Lífssprengjan, 2005.
Ólafur Elíasson, til hægri, Árdegi, 2008.




1948-2008



Brigði í gulu, 2003.




Brigði í gulu 2, 2003.



Rauti í rauðu, 2006.

1948-2008





Bragi í vinnustofu sinni, ágúst 2008.



LÍFIÐ OG TILVERAN

1931-2008

Rithöfundurinn Emile Zola sagði að enginn gæti orðið góður listamaður án meðfæddra hæfileika, en hæfileikarnir einir og sér geri mann ekki að góðum listamanni, heldur þarf vinnu til, og aftur vinnu. Þetta tekur Bragi heils hugar undir: „Allir eru fæddir með skapandi kenndir þótt fæstir nái að þróa þær á vettvangi lista.“

Sjálfur þurfti Bragi að hafa meira fyrir því en flestir aðrir að ná árangri í lífi og list.

„Ég var heilbrigður og vel af guði gerður er ég kom í heiminn en varð að takast á við mikla erfiðleika í æsku og mætti mörgum hindrunum. Eftir að ég fann mína réttu leið helgaði ég líf mitt sjónmenntum almennt sem myndlistarmaður, en hef einnig verið bæði leiðbeinandi og listrýnir til hliðar. Þrátt fyrir erfiðleikana hef ég náð að starfa nær óhindrað í heimi heyrenda.“

ERTU ALVEG HEYRNARLAUS, EÐA HEYRIRÐU EITTHVAÐ SVOLÍTIÐ?

„Ég mun vera rúmlega 99 % heyrnarlaus samkvæmt síðustu mælingum sem gerðar voru af Hjartavernd og að ég held John Hopkins rannsóknarstofnunni í Bandaríkjunum. Þær nákvæmu mælingar hafa skorið úr um það. Ætli ég sé ekki einn heyrnarlausasti maður á landinu, en hér er nú engin samkeppni um slíkt enda traudla eftirsóknarvert. Áður hefur

heyrnin verið mæld nokkrum sinnum en ekki fundist nokkrar leifar,“ segir Bragi.

Það er athyglisverð staðreynd að heyrnarlausir verða seint bílveikir, og þaðan af síður sjóveikir eða flugveikir. Það gerir skortur á jafnvægstilfinningu. „Það er frekar merki næmra og heilbrigðra skynfæra að verða sjóveikir, flug- og bílveikir,“ segir Bragi.

„Ég verð aldrei sjóveikir. Þegar ég sigldi milli landa á Gullfossi, sællar minningar, voru stundum stórvíðri á leiðinni. Þá var mjög fátt í matsalnum, sumir flúðu í ofboði náfóllir og ælandi á brott, en ég var þá hvað lystugastur og skóflaði í mig góðmetinu.“

Það hefur verið sagt um heyrnarlausu að þeir geti ekki kafað en það er rangt. Ég æfði mig í kafsundi um skeið og komst langt í því. Ég hef líka erfitt það og vísast úr móðurættinni að fá aldrei höfuðverk. Móðir mín varð 97 ára og vissi ekki hvað hausverkur var, nema af afspurn.

Það er annars æði margt í aldanna rás sem hefur verið álitid að væri heyrnarlausum ófært, en hefur svo reynst rangt og orsakað óþarfa fordóma og ótal hindranir, og gerist enn í dag. Sjálfur er ég enn að uppgötva nýja möguleika. Þó er áfram á brattann að sækja fyrir alla þá sem misst hafa heyrn.“

HVERNIG HEFUR HEILSAN VERIÐ AÐ ÖÐRU LEYTI?

„Ég hef ekki orðið mikið veikur síðan ég missti heyrnina. Botnlanginn var tekinn úr mér fimmtán ára og ég þurfti eitt sinn að fara í nefaðgerð, sem vatt óforvarendis upp á sig svo þær urðu fjórar“, segir Bragi en nef hans sem áður var fígulegt, beint og hvasst, er nú sjáanlega markað þessum aðgerðum.

Bragi segir farir sínar varðandi nefið og uppskurðina ekki sléttar, en það er önnur saga og lengri.

„Þá var ég skorinn upp vegna blöðruhálskirtils fyrir nokkrum árum, en það virðist hafa lánast vel. Ég varð í öllu falli ekki náttúruleaus eins og Picasso. Sagt er að það hafi hafi gert hann ævareiddan þá kominn nokkuð yfir áttrætt. Að öðru leyti hefur ekkert alvarlegt komið upp á, nema að blóðþrýstingurinn mætti vera jafnari.“

Bragi er ekki akandi, missti áhugann á því, svona líkt og vinur hans Erró enda kannski eins gott, „... þegar Erró fékk sér fyrir nokkrum árum mótorhjól á Formentera, einni Balareseyjanna, þar sem listamaðurinn á sumarhús, lenti hann í slæmu slysi.“

Bragi bætir við að heyrnarlausir séu ótvírætt einhverjir öruggustu bílstjórar sem til eru. Það sé vísindalega sannað enda enginn hávaði sem truflar þá við

aksturinn og þeir tala hvorki í síma né hlusta á háværa slagara í akstri. „Það er gott að minnst þessa hér því heyrn- arlausir þurftu lengi að berjast við að fá leyfi til að setjast undir stýri. Heyrnin, útvörður skilningarvitanna, er vanmetið fyrirbæri. Þolendur bera hana ekki utaná sér. Blindir hafa til skamms tíma haft margfalt meiri möguleika til að láta að sér kveða og notið meiri samúðar og hjálpar eins og sýnilega fatlaðir, engir álitnið þá fávita.. Sígidasta vísindalega skilgreiningin um muninn á þessum hindrunum er að ef að blindur maður og heyrnarlau gista á hóteli sem kvikn- aði í um hánótt, þá mundu þeir blindu hlaupa út við brunakallið en sá heyrn- arlausli verða eldinum að bráð, og slíkt mun hafa gerst.

Þá er náttúrulega sýnu auðveld- ara að tala illa um heyrnarlaua eða skopast að þeim þótt þeir séu í næsta nágrenni. Þar eru þeir varnarlauis og auðveldara að tala á bak þeim. Þeir eiga um leið öðrum erfiðara með að halda höfði í mannvirðingastiganum, goggunarröðinni.“

HVERNIG MISSTIR ÞÚ HEYRNINA?

„Þegar ég var strákur á Rauðarárstígn- um flæktist ég í blaðasölu á svæði her- manna sem víða í nágrenninu voru með bækistöð í stríðinu. Þeir báru með sér eina skæðustu inflúensu sem geisað



Bragi á vinnustofu sinni. ljósmyndin var tekin í tilefni sýningarinnar "Heimur Augans" árið 1980 og er að finna aftan á sýningarskrá. Þar hélt hann sýningu á 366 myndverkum í öllum sölum Kjarvalsstaða.

1931-2008



Bragi ásamt amerískum hermönnum við braggana á Rauðárholti, 1944.

hafði í Bretlandi á síðustu öld, og af þeim smitaðist ég vafalítið.

Fylgikvillar pestarinnar voru margir og einn þeirra var heilahimnubólga sem hafði aftur marga slæma fylgikvilla, líkamlega og andlega. Hvað mig snerti þá missti ég heyrn í báðum eyrum og má kannski teljast lánsamur að ekki færi fleira úr vitsmunabúinu eins og skeður í um og yfir 27 prósentum tilfella. Heyrnin yfirgaf mig ekki fullkomlega í fyrstu en smám saman hvarf ég inn í algjöra þögn. Suðið (tinnitus) sem áður angraði mig, hvarf, en það getur verið mjög ágengt og illþolandi.

Líkast til hefur það verið svo hjá Beethoven og Goya. Hvað Van Gogh snertir er nú álitíð að hann hafi þjáðst af sjúkdómi sem nefnist á fagmáli Ménière-sjúkdómur og framkallar ærandi suði í eyrunum og kemur þolendum fullkomlega úr jafnvægi. Geðveikur mun hann síður hafa verið. Þetta skýrir að nokkru að hann skyldi skera af sér eyrað.“

„Velkindunum fylgdi að ég missti þrótt og jafnvægisskyn og þurfti meðal annars að læra að ganga upp á nýtt. Það tók sinn tíma og lengi reikaði ég um eins og drukkinn maður. Þá fékk ég íþróttacæði, sem stóð óslitið fram að níttján ára aldri með ómældu kúlu- og kringlukasti og aflraunum, sem með grjótvinnu við Markarfljót gerðu mig vafalaust með sterkari mönnum í landinu. En svo uppgötvaði ég ávinning og yfirburði andlegra athafna og

fann að ég hafði öllu meira til þeirra að sækja. Það tel ég hafa verið gæfu mína. Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika átti ég mjög góða æsku. Á fullorðinsárunum hafa vanmat og fordómar gagnvart manni í minni aðstöðu tvímælalaust verið það versta..”

(Morgunblaðið, 3. júní 2001, bls. ??)

Það er eitt umfram annað sem hefur gert Braga kleift að starfa jafnfætis heyrandi, en það er sá hæfileiki að geta lesið af vörum fólks. Þá list lærði hann sem drengur hjá Brandi Jónssyni, síðar skólalastjóra Málleysingja/Heyrnaleysingjaskólans.

Braga finnst miður að heyrnarlausir með mál- og heyrnarminni, hvað þá læsir, tileinki sér ekki í ríkari mæli varalestur. Án varalestrarkunnáttu hætti þeim til að hverfa svo til alfarið inn í menningarheim heyrnarlausra og ein-skorða líf sitt við hann.

Bragi segir að sú áráttá á seinni tímum hjá ungu fólki velja upp til hópa stystu og greiðfærustu leiðina á hæðina, sé meðal annars ástæða fyrir áhugaleysi á varalestri. „Ef þolendur eru ekki læsir og heyrnar- og málminni er takmarkað eða jafnvel ekkert er það meira en skiljanlegt að menn læri ekki varalestur. Þá er táknmálið guðsgjöf, eina örugga haldreipið.

Varalestur er í eðli sínu líkt og þjálfun í að greina ótal mállýskur. Það er giska frábrugðið hvernig menn hreyfa

varirnar og útheimtir mikla þolinmæði að tileinka sér aðferðina.

Það er undarlegt hve heyrnarlausir hér á landi virðast vera á móti varalestri og telja að táknmálið bjargi öllu. Málið er að varalestur er skiljanlega mun seinteknari og erfiðari en táknmálið og viðkomandi þurfa helst að hafa vald á talmáli og vera læsir.

Þetta er á einn hátt svipað og með listsögufræðingana. Nám í nútímalistasögu er til muna auðveldara og fljótteknara en nám í antik, endurreisn, manerisma, barokk, rókókó og nýklassík. Þess vegna liggur straumurinn í nám í nútímalistasögu, með vel sýnilegum afleiðingum, og er hausverkur stóru listasafnanna úti í heimi. Það gengur engan veginn að ráða slíka listsögufræðinga á starfsvettvangi eldri tímaskeiða.“

Auðveldast finnst Braga að lesa af vörum kvenna. „Málið er að ég skil konur yfirleitt betur en karlmenn. Þær hafa skýrari og mýkri varaframburð. Brandur spurði mig eitt sinn hvaða fólk ég skildi best. Ég svaraði að bragði; konur með rauðmálaðar varir. Þetta er í raun mjög eðlilegt en Brandi þótti svarið í meira lagi myndi hjá stráklingnum og hafði stundum í flimtingum og hló hjartanlega. Skýringin er samt ofur einföld vegna þess að þá bera varirnar stórum meir við tennurnar og um leið nemur hinn heyrnarlausari varahreyfingarnar mun betur. Svo



Myndin er tekin frá fyrstu árum Braga í fyrirlæðsluvinnunni við Markarfljót. Ljósmyndarinn mun hafa verið bílstjórinn: Halldór Auðunsson frá Dalselli.



eru margir karlmenn með svo þunnar varir, hvað þá ef slútir skegg yfir þær. En yfirleitt nær maður með tímanum og þolinmæði öllu í nágrenni sínu.“

Bragi gerir líftíð úr því þegar hann er spurður hvort heyrnarleysið endurspegl-ist með einhverjum hætti í verkum hans. Fyrstu viðbrögð við spurningum þar að lútandi eru þvert nei. Síðar segir hann að heyrnarleysið megi kannski greina í ákveðnum formum og eða blæbrigðum. „En ég er hvorki að leitast við að vera heyrnarlaus né heyrandi þegar sköpunarhvötin fær útrás. Stundum er þögnin mikilvægasti hluti tónlistarinnar og það var enginn minni en Beethoven sem sagði það.“

Heyrandi hafa líka markvisst dýrkað þögnina í verkum sínum og lífi eins og til að mynda þýska skáldið Rainer Maria Rilke og danski málari Vilhelm Hammershøi, að ógleymdum niðurlenska málaranum, sjálfum Jan Vermeer.

Snögg skil, hávaða og öskur má raunar vafalítið einnig greina í sumum verka minna. Á hinn veginn má í beinu framhaldi auðvitað allt eins spyrja hvort blindi endurspeglar í tónverkum blindra.“

Sumir tala um tónlist í verkum Braga: „Já, það hafa margir sagst skynja tónlist í málverkunum mínum. Til að mynda amerísk blaðakona frá Art News sem kom hingað 1958 og fór á milli nútíma-


listamanna. Seinna gerðu það sama tónskáldin Skúli Halldórsson og Áskell Másson,“ segir Bragi og fer nú að brosa. „Þegar ég var strákur var lífill kofi fyrir ofan húsið okkar á Rauðarárstígnum, norðanmegin kartöflugarðsins. Löngu eftir að ég missti heyrnina fór ég inn í þennan kofa að syngja upp úr gömlu íslensku vasasöngbókinni, hvernig sem viðraði. Fólkið í nágrenninu hélt örugglega að ég væri orðinn klikkaður.“

Fyrstu árin í Langadalnum tók ég líka stundum lagið, einkum á bílpöllum. Það var víst ekki oft sem vegavinnumenn upplifðu heyrnarlausan dreng syngja. Það gerðist einkum þegar vörubílarir voru á ferð og vindurinn blés um mig. Karlarnir með mér á pallinum höfðu bara mikið gaman af og hvöttu mig frekar en löttu.“

Litanotkun Braga er gríðarlega margbreytileg eins og sést þegar litið er yfir verk frá öllum listferlinum. Litasinfónía er orð sem hæglega má nota um mörg verk Braga. Í þessum verkum mætti segja að öflug sjónræn skynjun sé að verki, sem hafi eflst smám saman þegar önnur skynjun hvarf, ásamt þjálfun skynfæranna í skólum, listasöfnum og víðar.

Verkin almennt, segir listamaðurinn, eru unnin út frá daglegum upplifunum. Hann safnar í sarpinn hér og hvar, hjá úrsmiðnum, niðri í fjöru, í útlöndum og





uppi í sveit, en upplifanirnar ummyndast svo í liti og form á harðan grunnflöt þegar í vinnustofuna kemur.

Hin síðari ár hefur Bragi málað nær eingöngu á masonitog MDF-plötur í fljótandi römmum, sérsníðaðar af Hafliða Bárði trésmið og verktaka, sem hefur reynst Braga vel eins og fleiri á seinni árum. „Ég er sterklega að spá í að fara að skipta yfir í að mála á dúka, teikna meira og taka upp þráðinn í grafík. Þessar plötur, einkum þær stærri, eru að verða of þungar fyrir mig,“ segir Bragi og bisar við að færa til stóra fleka, sem hann fór áður létt með.

„Myndferlið fer helst eftir stemningunni og áhrifunum sem ég nem hverju sinni,“ segir Bragi. „Picasso var aldrei með beinan undirbúningslausan spuna. Hann þurfti alltaf að vinna út frá einhverju. Það var aldrei hreint ómeðvitað ferli og hugmyndafræði hjá honum. Hann hóf hvern dag með því að fletta í bókum og svo tók hann að hantéra málningargræjurnar. Matisse fór út í garðinn sinn dag hvern og teiknaði lauf og plöntur.

Það fer líka eftir skapinu, veðrinu og tunglunum hvernig ég vinn. Ég miðla skynhrifum mínum yfir á grunnflötinn.“

ER ÞETTA ÞÁ SVIÐ ÞVÍ AÐ SKRIFA DAGBÓK?

„Já, að vissu marki,“ segir Bragi. „Og

það er svo upphafið að vera hérna í vinnustofunni. Hún hefur svo sterk áhrif á mig. Ef ég er í úfinni stemningu er mig ber að þá er nóg að opna dyrnar, og um leið er ég kominn í gott skap. Ef vinnustofan og útsýnið hefði ekki svona góð áhrif á mig þá væri ég löngu fluttur í stærra húsnæði. Ég þyrfti satt að segja að vera í mun stærra húsnæði.“

Það eru orð að sönnu. Ekki einungis hafa safnast upp málverk í vinnustofunni sem taka pláss, heldur er mikið af gögnum þar, svo sem staflar af dagblöðum, tímaritum og bókum, en Bragi les mikið af íslenskum og erlendum blöðum og á mikið safn listaverkabóka og katalóga.

Bragi hefur verið talinn til hægri í pólitík vegna skrifa sinna í Morgunblaðið og hlotið ámæli fyrir, en segist sjálfur aldrei hafa hugsað út frá neinum flokkslínum. Hann telur sig á stundum vera meiri félagshyggjumann en sósíalistarnir, sem honum verður tíðrætt um. Bragi er þó harður einstaklingshyggjumaður sem vill ekki eiga neitt inni hjá nokkrum manni. Forsjárhyggja og miðstýring er eitur í beinum hans.

Listamaðurinn kynntist kommúnism-anum náði þegar hann sat í alþjóðlegri sýningarnefnd Eystrasaltstváeringsins í Rostock í Austur-Þýskalandi frá árinu 1967 til 1980. „Norrænu fulltrúarnir voru nú frekar frjálslýndir sósíaldemókratar og því sló stundum í brýnu milli þeirra og



kommúnistanna frá Berlín. Ég læt mig það litlu skipta hvar kollegar mínir og vinir eru í pólitík, eða hvert kynhneigð þeirra beinist, manngildið er það sem máli skiptir.“

Í einni af greinum sínum í Morgunblaðið skrifar Bragi þetta um tvíæringinn:

„Þetta var í þá daga, er það var alveg sallaklárt hvað væri myndlist, það telst að mínu mati frekar flótti en framför að klína hugtakinu málverk á allt mögulegt eins og nú er gert, fjöltækni, væri nærri lagi. Hugtakið hafði áður sigildan ramma, og þarna kynntist ég frá fyrsta degi yfirburðum og mikilvægi markaðrar stefnu. Jafnvel listiðnaður fékk ekki inni hversu frábær sem hann nú var, framkvæmdin einangraðist einvörðungu við málverk, höggmyndir, grafík og teikningar, basta. ... Þegar heiftarlega var deilt um innsend verk, stíla og stefnur, og við frá vestrinu jafnvel sagðir á mála hjá Pentagon, mótmæltum við kröftuglega ... Þessi þátttaka mín í mótun tvíæringins og þróun hans um árabíl varð mér drjúg lífsreynsla, fékk tækifæri til að kynnaast umbrotum og afar íhaldsamri og staðbundinni list frá Sovéttlýðveldunum, Póllandi, Austur-Þýskalandi og svo mjög blandaðri frá Norðurlöndunum ... Íslendingar tóku fullgildan þátt í Eyrstrasaltstvíæringnum allar götur frá 1967 og þar til Berlínarmurinn hrundi. Þátttakendurnir urðu hátt í 100 talsins þar til yfir lauk. Á tvíæringnum komu saman listamenn frá Danmörku, Vestur-Þýskalandi, Finnlandi, Íslandi, Noregi, Póllandi, Svíþjóð,

Sovétríkjunum og Austur-Þýskalandi. Fyrir marga austantjaldslistamenn var framkvæmdin eina tækifærið sem þeir fengu til að komast í snertingu við þesslags sjónræna menningu Vesturlanda.“ (Morgunblaðið, ??)

Dr. Horst Zimmermann forstöðumaður listhallarinnar í Rostock og sýningarstjóri tvíæringins til 20 ára og mikill vinur Braga, sagði í samtali við Morgunblaðið að leynilögreglan alræmda Stasi hefði fylgst með öllu og þeirra alsjáandi auga hafi alltaf hvílt þungt á þeim er völdu á sýninguna, og Bragi var í þeim hópi. Sýningarskrá var ritskoðuð og athugasemdir gerðar við smæstu atriði. Bragi segir að Stasi-maður hafi eitt sinn komið gagnert hingað til lands til að kynna sér hlutina og heimsótt hann á vinnustofuna – þannig að eitthvað er til í þessum orðum Zimmermans!

„...eitt sinn sendi finnskur listamaður mér upplýsingar um að hann ætlaði að senda verk sem hét Múrin á tvíæringinn. Þótt verkið væri óséð var þegar ákveðið að ekki mætti sýna það þar sem það hlyti að vera gagnrýni á Berlínarmúrinn. Ég ákvað að gera ekkert í mállinu og lét listamanninn koma með verkið. Í ljós kom að um þýðingarvillu var að ræða því myndin var af girðingu við húsaгарð og hún var sýnd undir öðru nafni.“ (Morgunblaðið, 1. júní 1995, bls. 8.)

En þrátt fyrir pólitískar skoðanir oft á tíðum og að hafa setið ítrekað í auga kalda stríðsins fyrir austan járntjald, er

ekki að sjá að verk Braga hafi orðið pólitísk. Pólitískar upplifanir virðast ekki hafa fengið að rata jafn auðveldlega á plötturnar og strigann eins og þær fagurfræðilegu.

Ef maður leggur sig fram er hægt að tína til myndir effir listamanninn með pólitískri undiröldu, en vart meira. Sterkar rauðar myndir einlitar til dæmis, gæti einhver túlkað sem hættuna í austri, og þær djúpbláu sem hægri sveiflu á móti.

TRÚIR ÞÚ Á EITTHVAÐ?

„Ég trúir á kvenfólk,“ svarar Bragi, kankvís. „Sagði ekki Sófokales eitt sinn að þögnin væri mesta skart konunnar. Ég hef alltaf dýrkað kvenímyndina en um leið verið hræddur við konur. Þegar Kurt Zier spurði mig eitt sinn á öðru námsári mínu í Handiðaskólanum hvort ég væri hræddur við eitthvað, svaraði ég strax með áherslu; „Konur“. Það virðist óneitanlega hafa komið í ljós að ég hafði ástæðu til þess,“ segir Bragi án þess að fara nánar út í þá sálma.

EN HVAÐ MEÐ ÖNNUR TRÚARBRÖGD?

„Ég ber mikla og djúpa virðingu fyrir öllum trúarbrögðum, einnig þeim heiðnu. Mér þótti er fram liðu stundir mjög spennandi að heimsækja hof og hörga, skoða kirkjur stórar sem smáar. Maður upplifir svo djúpa andakt í gömlum guðshúsum. Gotnesku kirkjurnar og barokk kirkjurnar

eru einstaklega fallegar margar hverjar. Einni kirkju get ég aldrei gleymt, og það er dómkirkjan í Sevilla á Spáni sem þó er yfirhlaðin að innan. Það var svo ótrúlegt að sjá málverkin á veggjunum eftir El Greco, Zurbaran, Ribera, Murillo o.fl. Þau eru svo stórkostleg að maður gleymir öllu ofhlæðinu í kring og fyllist yfirhafinni lotningu. Listin er í sjálfu sér líf og guðstrú, guðdómur, eins og maður skilur hann af lífi og sál."


Bragi er langskólagenginn á myndlistarvettvanginum og segist ekki sjá eftir því, en hann notaði líka aðstöðuna í listaskólunum til að bæta upp sína litlu almennu menntun.

„Vinnuaðstaðan í skólunum var víða mikil og góð og verkstæði hliðargeira mörg. Ég naut viðverunnar og var fyrstur í skólann á morgnana og dvaldist daglangt eða þar til mér var hent út á kvöldin að segja má. Fyrir kom að ég var lokaður inni og þurfti að bíða drjúga stund eftir umsjónarmönnum sem gátu hleypt mér út."

Hér á Íslandi hefur ekki alltaf þótt finn pappír að dveljast of lengi í listaskóla. Hér fyrrum taldist það þannig til tekna, ef ekki afrek, að ljúka námi á akademíunni í Höfn á þremur árum í stað fjögurra, sem var venjan, að sögn Braga. „Ég var í myndlistarskólum í samtals átta og hálf ár, þar af sex ár í listakademíum í þremur löndum," segir Bragi og dregur



Bragi á vinnustofu sinni 1980.



upp blaðaúrklippu úr Weekendavisen sem sýnir svart á hvítu að hann er þrátt fyrir þetta vart hálfdrættingur á við evrópska meistara fyrr á öldum hvað langskólanám varðar.

„Árin mín eru greinilega ekkert til að skammast sín fyrir, ég ætти frekar að fyrirferða mig fyrir að þau hafi ekki orðið fleiri. Rannsóknir í myndlist hafa aldrei skaðað nokkurn mann. Ég áttaði mig ekki fullkomlega á þessu fyrir en núna nýlega þegar ég las þessa grein,“ segir Bragi og rýnir í úrklippuna.

„Á miðöldum og fram til barrokk-tímans var listnám miðað við 15 ár hið minnsta, og skipti litlu hvaða menntun menn höfðu á upphafsreit, - upplag og hæfileikar réðu. Listnám er allt annars eðlis en almennt skólanám og nokkrir snillingar voru teknir inn á listakademíur tólf ára. Námið var líka margfalt erfiðara. Þetta var vinna frá morgni til kvölds og helst skyldu listspírurnar halda sig frá kvenfólki.

Á barrokk tímanum var farið að stofna listaskóla um alla Evrópu og þá fluttist listnámið frá verkstæðunum inn í skólana. Á síðustu tímum er listnám hefur verið tengt almennu námi þurfa listspírurnar jafnvel ekki að kunna að teikna né þekkja lögmál lita til hlítar, einungis hafa hugmyndir sem þeir láta helst aðra um að útfæra. Þær eru þannig á vissan hátt bæði blindar og heyrnarlausar.

Það fara margir að markaðssetja sig áður en þeir eru búnir með skólana, en fram á ofanverða tuttugustu öld var það víða brottrekstrarsök að vera með listamannastæla og sýna opinberlega áður en kom að útskrift. Ég er ekki að veitast að fjöltækni sem rutt hefur sér rúms í listaskólum og ýtt sígildum miðlum út í horn, en of mikið má af öllu gera.“

Eins og dyggir lesendur Braga af síðum Morgunblaðsins vita, hefur hann sterkar skoðanir á listmenntun í landinu og hefur aldrei verið feiminn að viðra þær. Hann stundaði sjálfur kennslu á Íslandi eftir námið í Kaupmannahöfn 1956 og þangað til hann fór til München tveimur árum síðar, og tók svo aftur til við kennsluna upp úr 1960 og hélt því áfram fram undir aldamót.

Kennarinn Bragi hellti sér strax í upphafi af fítonskrafti í kennslustarfið eins og annað það sem hann hefur tekið sér fyrir hendur um ævina, og lét finna fyrir sér. Það hefði verið mun auðveldara fyrir Braga að láta lífið fyrir sér fara á þeim vettvangi, láta nægja að miðla því sem hann kunnir og láta alla innanskólaláttir lönnd og leið og spara þannig orku fyrir myndsköpun sína. En hann valdi ekki þá leið, og vildi standa á brúnni.

Það munaði til að mynda kannski ekki svo miklu að Bragi hefði orðið skólalastjóri Handíðaskólans á ofanverðum sjöunda áratugnum. Nógu vinsæll

var hann meðal nemenda. „Ég gaf ráðuneytinu tækifæri, þrátt fyrir að búið væri að sérsauma embættið fyrir Hörð (Ágústsson). Ég bauð mig einungis fram vegna þess að Hörður skyldi sjálfskipaður, en var svo sem ekki með neinar alvarlegar væntingar í þá áttina.“

Kurt Zier skólalastjóri gekk á milli okkar kennaranna og ætlaðist til að við færum ekki fram gegn Herði. En það þótti mér gróf móðgun, ólýðræðislegt og lítilsvirðing við okkur hina kennarana. Ég taldi mig vera með jafn góðar hugmyndir til framtíðar, en ég sæki bara einu sinni um svona hluti, aldrei aftur.

Þetta var alla tíð „skítadjobb“, eins og einn skólalastjórinn komst að orði; erfitt, illa launað og vanþakklátt,“ bætti Bragi við alvarlegur á svip. „Sjálfsmorð fyrir listamenn. Raunar var varla skárri að vera almennur kennari einkum er frá leið. Það er jafnvel heppni að hafa sloppið burt óskaddaður á sálinni.“

SAMT HAFNA VERIÐ MIKLIR DRIFKRAFTAR INNAN VEGGJA SKÓLANS. HVAÐ VAR ÞAÐ SEM KNÚDI STARFIÐ ÁFRAM?

„Þessi sjöundi áratugur er mér minnisstæður hvað kennslustarfið varðar, einkum fyrir gríðarlegan áhuga nemenda og uppgang, og hver einasti kennari á því tímarskeiði var á vissan hátt brautryðjandi í sínu fagi.“

Það er óhætt að fullyrða að kennsl-

an var meira og minna hugsjóna- og sjálfboðastarf, laun voru engan veginn í samræmi við vinnu okkar og menntun og urðu það raunar aldrei. Í lok áratugarins sá ég brýna ástæðu til þess að stofna kennarafélag og fékk þá Gísla B. Björnsson í lið með mér.

Gíslu B. Björnsson og Torfi Jónsson byggðu síðan upp nám í grafískri hönnun. Það breytti öllu á sviðinu og fjölmíðlar, fyrirtæki og fleiri búa að þessu enn í dag. Að því er ég best veit hefur þó hvorugur þeirra verið krossaður.

Raunar nýtur allt skólakerfið frumkvæði Handíðaskólans í hand- og myndmennt þótt þróunin hafi ekki orðið alveg í samræmi við þann metnað og hugsjónir sem lagt var upp með, þ.e. að skólinn yrði þakið á allri skapandi sjónmenntafræðslu sem aðrir skólar nytu góðs af og sjálfstæði hans metið og virt.

Þegar skólinn var ekki lengur sjálfseignarstofnun heldur hluti skólakerfisins varð mikill afturkepping, einkum þegar hann fór af háskólastigi niður í verknám hjá ráðuneytinu. Þá langaði mig að hlaupa burt eins og fætur toguðu.“

Bragi er ekki skoðanalaus þegar kemur að listkennslunni sjálfri og kennslu aðferðum og hafa líklega fáir ef nokkrir skrifað jafn mikið um listmennt og listkennslu í árunna rás og hann. „Að öllu samanlögðu er það trúna mín, að vanrækslan hér á landi um fræðslu á sviði

sjónmennta og skapandi hugvísinda, ásamt ræktun annarra mjúkra gilda, allt frá því Háskóli Íslands var stofnaður 1913 og fullveldi fengið árið 1918, og fram á daginn í dag, hafi kostað þjóðina ígildi nokkurra álvera. Þetta eru verðmæti sem hefðu auðgað komandi kynslóðir og undið hvarvetna upp á sig.“

„Sem kennari reyndi ég að vekja áhuga fólks og temja því vinnuaga. Kennarar verða að vera með á nótunum, hæfileikar til kennslu eru eitt-hvað, sem menn hafa í sér. Góður málari getur verið slæmur kennari og ófugt. Listnám er góð undirstaða fyrir lífið. Það hefur líka verið mér mikill lærdómur að kenna ungu fólki. Ungu fólki fylgja stöðugt ný viðhorf og kennarinn verður að hjálpa því að leysa alls konar vandamál, án þess að nemendurnir viti að það er verið að leysa einhver vandamál fyrir þá. Mikilvægasta kennslan er þegar nemandinn veit ekki að það er verið að kenna honum.“
(Morgunblaðið, 3. júní 2001, bls. ??)

Þegar lítið er yfir sviðið koma ekki neindir sérstakir listamenn upp í hugann sem hafa sama svip eða stíl og Bragi.

HEFURÐU HAFT MIKIL ÁHRIF Á AÐRA LISTAMENN Í GEGNUM TÍÐINA?

„Það kemur væntanlega í ljós. Það er erfitt að gera sér grein fyrir því. Hér hefur lengi verið neyðarlegur skortur á stórum samsýningum sem eru upplýsandi um þróun myndlistarmanna milli ára, með

þátttöku allra kynslóða. Hér hefur misvísandi einstefna og einsýni ráðið ríkjum.

Auðvitað hef ég haft áhrif í gegnum skólann sem og skrifin, en aldrei reynt að prédika né koma mínum sérskoðunum yfir á aðra. Það hafa sumir gert, og mér finnst það ósiður sem kemur frá fornum tímum þegar flestir voru að reyna að þóknast meistaranum, troða sér í skóna hans.

Þannig var þetta með nemendur hjá prófessorum í akademíunni í Kaupmannahöfn þegar ég var þar. Það máluðu allir svipað þeim, en ég málaði gjörólíkt mínum prófessor. Hann var ekki mjög áncægður með það. Jean Heilberg í Osló og Deyrolle hinn franskir voru hinsvegar mjög uppveðraðir og hvöttu mig áfram. Deyrolle skammaði helst þá í deildinni sinni sem voru að reyna að líkjast honum.

Það er undarleg áráttá hjá íslenskum listamönnum að afneita öllum áhrifum. Þeir vilja margir helst telja sig eingetna, svona eins og Jesús Kristur, en því er nú nokkru öðruvísi farið í raun.“

Í grein í Morgunblaðinu frá árinu 2001 fjallar Halldór Björn Runólfsson um líkindi og hugsanleg áhrif annarra listamanna á Braga.

„Í Galleríi Sævars Karls má sjá afgerandi áhrif expressjónískrar abstraktlistar á Braga, þeirra Rothko og Newman. Ef til vill hvílir syrpan á of stórum grunnflötum því Bragi er mun

evópskari en svo að hann þurfi á miklum stærðum að halda. Ofurflekar henta honum alls ekki vel. Tilfinningalega stendur hann mun nær Klee, Fautrier, Wols, Michaux og minni myndum Fontana, en síðastnefndi listamaðurinn er ef til vill sá málari sem fyrst kemur upp í hugann þegar spurt er hverjum Bragi sé andlega skyldastur. Að vísu sker sig úr eitt þrýðisverk hjá Sævari sem minnir sumpart á Poliakoff þótt efnistöku séu allt önnur, og sannar enn sem fyrr að ljóðræn og rybmísk abstraktlist hentar afmælisbarninu best.“
(Morgunblaðið, 3. júní 2001, bls. ??)

HVAÐA MÁLARA TELUR ÞÚ ÞIG HAFU ORÐIÐ FYRIR MESTUM ÁHRIFUM AF?

„Ég á enga uppáhaldsmálara og hef aldrei átt, en met marga gríðarlega mikils,“ segir Bragi. „Warhol, Rothko og Pollock höfðu til að mynda ekkert meiri áhrif á mig en evrópskir, eins og til að mynda Picasso, Braque, Matisse, Bonnard, að Modigliani ógleymdum. Ég var á Ítalíu lungann af árinu 1954 og þar voru mjög góðir málara, en Ítalir hafa ekki markaðssett sína málara eins vel og Frakkar, Þjóðverjar Hollendingar og Bandaríkjamenn. Þessir málara voru iðulega frá Norður Ítalíu og voru líka á sinn hátt undir frönskum áhrifum. Ég held að eitthvað úr verkum þeirra komi fram í mínum myndum og ég hafi orðið fyrir áhrifum frá þeim.“

Auk þess nefnir Bragi listakonuna Bridget Riley og OP-listaverk hennar

með „sjónrænum titringi“, sem hann segist hafa orðið fyrir nokkrum áhrifum af á tímabili.

Þegar Bragi var beðinn að nefna málara sem honum eru hugljúfari en aðrir í viðtali í Morgunblaðinu árið 1960 sagði hann:

„Það er varla hægt, þeir eru svo margir, en ég get nefnt Goya, El Greco flæmsku málara og marga hina yngri. Picasso er oft framúrskarandi, eins og Munch en alls ekki alltaf. Af hinum yngri má nefna Vasarely og Dubuffet og marga marga fleiri.“
(Morgunblaðið, ?? ???, bls. ??)

Bragi mun fyrstur manna á Íslandi hafa kynnst einum forvígismanna mínimalismans, Donald Judd. Áhrifa hans gætir þó ekki að ráði í list Braga.

„Ég var eitt sinni fyrir margt löngu á Hótel Borg að dreypa á hvítvíni snemma að kvöldi dags, salirnir nær tómir. Þá sé ég mann sitja í sófa við vesturglugga með tvær litlar hnátur fyrir framan sig. Eitthvað varð til að ég fór til hans og heilsa. Ég var aðeins kenndur.

Ég spyr hvað hann heiti. „Donald Judd,“ svarar hann.

Ég sagði; „Ég þekki þig og þína list,“ og hann varð steinhissa. Hann hefur kannski ekki átt von á að nokkur maður þekkti sig hér á landi.

Við ákváðum að hittast aftur og mig minnir að ég hafi farið með hann á Listasafn Íslands og fleiri staði. Dag-



Rithöfundurinn, 2002.



að ofan, Bragi og sonur hans, Fjölur Geir, 1977.
að neðan, Fjölur á vinnustofu föður síns, 2008.



inn eftir bauð ég honum svo í mat heim. Það vildi svo til að þegar hann kom til mín með telpurnar að ég var þreyttur og hafði fengið mér hænuþund, en Fjölur sonur minn vildi ekki vekja mig.

Það fór svo að Fjölur borðaði með Judd og vakti mig svo eftir á þegar gestirnir voru farnir. Upp úr þessu atviki spunust misvísandi sögur sem hlóðu upp á sig. Ég varð mjög miður mín. Svo þegar hann kom aftur til Íslands voru aðrir snöggir á lagið og ég komst hvergi nærri meistaranum, reyndi það ei heldur.

Það skeði þó að ég mætti í veislu sem haldin var hér á landi til heiðurs heimslíamanninum í tilefni sextugs-afmælis hans. Hann hafði óskað þess að mér yrði boðið en ég var einhverra hluta vegna ekki látinn vita. Hollenskur listamaður hermdi mér af því hvað til stæði í Laugardalslauginni rúmum klukkutíma áður en gíggið skyldi hefjast og var alveg bit þegar hann vissi að skilaboðin höfðu ekki ratað til mín, en hvatti mig eindregið til að mæta.

Veislan var mikið upplifelsi og ég sagði heimslíamanninum einn tvíráðan brandara af Texasbúa í New York sem hann hafði ekki heyrt og hló mikið að. Hann sagði mér við það tækifæri að dætur sínar væru alltaf að spyrja um mig þegar hann kæmi frá Íslandi, ég væri þeim minnisstæður.

Árni Páll (Jóhannsson), sem var í góðu sambandi við Judd, sagði að Judd hefði alltaf spurt hvernig Braga Ásgeirs-syni liði, þegar hann hefði hringt. Þannig að hann hafði taugar til mín, en ég vissi þá ekki að hann væri hugsanlega tvíkynhneigður og kannski fannst honum ég bara fallegur maður," segir Bragi og brosir.

Fyrir utan árin sem Bragi hefur verið við nám erlendis, í Kaupmannahöfn, Osló, Róm og München, hefur hann búið í Reykjavík. Hann hefur fylgst með borginni vaxa og breytast, en ekki alltaf til hins betra, „langt í frá," bætir hann við.

„Það er mikið af fallegum húsum á höfuðborgarsvæðinu, en maður tekur yfirleitt síður eftir þeim því skipulagið er vægast sagt ekki í takt, hvorki við húsin sjálf, rýmið, umhverfið né landið. Þegar Jean Nouvel, einn nafntogaðasti stjórnuarkitekt samtímans, vildi breyta þessu, var því hafnað, og honum jafnvel sýnd lítilsvirðing.

Karl Bretapríns sagði eitt sinn opinberlega um arkitektúr að móðernískir arkitektar hefðu framið meiri skemmdarverk í Evrópu en allar sprengjur seinni heimsstyrjaldarinnar. Virðing mín á prinsinum óx til muna þegar ég las þetta einhvers staðar. Það er ómetanlegt fyrir þjóðir heims að hafa slíka þjóðhöfðingja sem þora að hafa skoðanir sem byggjast á yfirvegun og hreinskilni.

Svo er líka eitt að vera gildur módernisti, annað að vera skólaður undanrennu-módernisti.“

HEFURÐU ALDREI VERIÐ BEÐINN UM AÐ SKREYTA OPINBERAR BYGGINGAR?

„Ég hef til að mynda aldrei verið beðinn um að gera neitt fyrir kirkjuna og hef bara einu sinni tekið þátt í samkeppni. Það var varðandi Skálholtskirkju og svo tók ég þátt í Kirkjulistasýningunni um árið og átti nokkrar myndir í anddyri Hallgrímskirkju fyrir nokkrum árum.

Það var tóm kleppsvinna að taka þátt í samkeppnum í glerlistinni fyrrum, því Nína (Tryggvadóttir) og Gerður (Helgadóttir) einukuðu fagið. Ég hafði aldrei unnið í gler og hin sérstaka og mikilvæga vinna við frumdrætti var mér framandi.

En ég gerði bogamyndaða „relief“ skreytingu í þelamerkurskóla fyrir norðan, sem var ekki í neinum beinum tengslum við trúarbrögð. Hún var sýnu áhrifaríkust nýkomin úr mótunum. Það var misskilningur af mér að fallast á að mála hana þótt með möttum litum væri. Svo kom að því sköndna löngu seinna að hús-vörður nokkur bætti um betur og þakti myndina skelfilega væmnum glass-úrlitum. Svona klúður og vandalismi að höfundinum forspurðum gerist helst á Íslandi. Og svo gripið sé til höfðatölureglunnar eigum við hér ótvírætt heimsmet.

Ég gerði mikið glappaskot í München að hafa ekki til að mynda farið í glerlist, og þá sem hliðarfag. Hér reyndist einfaldlega bjálfabjartsýni á ferð. Ég taldi að málverkið væri mér nóg. Glerlistin átti vel við mig og hefði líklega dugað mér til að hafna kennslu og listrýni,“ segir Bragi hugsí, en góðir tekjumögu-leikar hafa verið fyrir myndlistarmenn í gegnum tíðina við skreytingar á kirkjum og opinberum byggingum.

Bragi telur sig þó hafa uppskorið drjúgan lærdóm af kennslu og listrýni, þótt hann hafi „naumast allur verið eftirsóknarverður“. Skoðanir Braga á mönnum og málefnum eru sterkar. Hann hefur ríka fagurfræðilega tilfinningu og getur reiðst og barið í borðið þegar hann talar um ólíkustu hluti, jafnt lífandi sem dauða. Hann er alltaf gagnrýninn og gefur engan afslátt. En hann tekur tillit til mótraka og dregur gjarnan í land ef hann hefur rangt fyrir sér.

Bragi er kröfuharður á samstarfsmenn sína, og vill að menn standi við sitt, orð skulu ígildi svardaga. Ef maður segist ætla að koma, þá kemur maður. Ef maður segist ætla að hringja, þá hringir maður. Bragi er alltaf mættur, helst fimm mínútum fyrir tímann og bíður á tröppunum þegar maður kemur að sækja hann.

Ef eitthvað bregður útaf og Braga mislíkar framkoma annarra við sig, læt-



Tillaga að helgimynd, 1957.

ur hann stundum ekki ná í sig. Þá bregst ekki að eftir 2-3 daga kemur harðort bréf frá listamanninum þar sem hann lýsir óánægju sinni með að maður hafi ekki mætt, ekki hringt, ekki staðið sig í stykkinu. Með í bréfinu fylgja gjarnan fleiri aðfinnslur sem snúa þá að stóra samhenginu; að íslenskum listasófnum, íslensku listalífi, að ófagmennsku og sveitamennsku Íslendinga og yfirgangi yngri núlistamannanna og listsögufræðinga, eins og Bragi kýs að kalla íslenska listfræðinga, þeim til lífillar gleði.

Hér vísar hann þó til skilgreininga uppsláttarbóka á starfsheitinu, „mörkuðum og skjalfestum menntunarhugtökum í myndlist“, og segir engan veginn um sérskoðanir hans sjálfs að ræða.

Bragi hefur verið fjölmiðlamaður í 42 ár, þó hann hafi líklega aldrei hugsað um sig sem slíkan, enda átt nóg með að vera leiðbeinandi og listrýnir í fullu starfi, ásamt því að vera myndlistarmaður af lífi og sál.

DATT ÞÉR ALDREI Í HUG AÐ GERAST BLAÐAMAÐUR Í FULLU STARFI?

„Ég hef engan áhuga á að vera bundinn í báða skó, háður stimpilklukkum og sitjandi á rassinum alla daga við að skrifa um aðra. Það er samt löngu kominn tími til að gagnrýnendur hugsí sín mál stéttfaglega séð og gæti þess einnig að ekki sé gengið á rétt þeirra

um sjálfstæðar skoðanir svo fremi sem þeir færi gild rök að þeim. Hér þarf allt að vera skrifað og skjalfest.

Það er allt annað að skrifa listrýni og pistla en dægurmál og almennar fréttir. Þetta er sambærilegt og að vera almennur kennari í grunn- eða framhaldsskóla og prófessor í listakademíu eða listaháskóla erlendis. Slíkir koma mest tvisvar í mánuði og fara yfir verk nemenda og eru með tvöfalt kaup á við almenna kennara. Þeir eru með vinnuáðstöðu, öll réttindi og njóta mikillar virðingar. Standi þeir sig sér enginn eftir peningunum í þá. Hér fengu listaskólakennarar lengi vel minna kaup en almennir kennarar, voru á lægsta tímakaupi, mætingarskylda líkt og í barna- og framhaldsskólum og flest gert til að bæla niður skapandi kenndir þeirra sjálfra. Vinnuástaða innan skóla var þannig engin og maí mánuður lengi vel ekki greiddur allur líkt og í öðrum framhaldsskólum.

Þessu vildi ég breyta og barðist alla tíð fyrir réttindum kennara, betra vinnuumhverfi og að hver deild hefði sitt sérstaka athvarf, svona eins og gerist í hverjum einasta markverðum listaskóla erlendis. En því miður gekk þetta minna eftir en skyldi. Úrtöluraddirnar voru háværar og ládeyða og þýlindi svo mikil að útaf flóði.

Bragi hefur þrátt fyrir þetta skrifað um listir í öll þessi ár, verið „fastur listrýnir Morgunblaðsins í lausamennsku“, eða allt síðan að hann lét tilleiðast fyrir þrábeiðni Valtýs Péturssonar sem þá hafði sinnt starfinu einn við Morgunblaðið í um 14 ár.

„Ferill minn sem listrýnir varð trúlega allur til útaf bréfi sem ég skrifaði Valtý Péturssyni árið 1960, en hann var jafnframt gjaldkeri FÍM og hafði Listamannaskálann gamla á sinni könnu. Bréfið var samið í tilefni þess að ég þurfti að sækja um sýningaraðstöðu í skálanum.

Þegar mér datt í hug að skrifa þetta bréf var ég að skissa efst í fjallaborpinu Gordes í Provence í Suður Frakklandi þar sem nokkrar listspírur af akademíunni voru staddar í boði Deyrolles. Ég var með vaxkrít milli handanna sem bráðnaði jafnóðum í 40 gráðu hitanum og þá fékk ég hugmyndina, að skrifa Valtý þetta bréf, svona til að gera eitt-hvað. Ég skrifaði langt bréf í rissblokkina og sagði frá ýmsu sem þarna bar fyrir augu. Vítt sá yfir og náttúrusköpin iðilfögur til margra átta.

Svo líður og bíður og Valtýr mundi eftir þessu bréfi þegar hann rúmum sex árum síðar var að beiðni Matthíasar Johannessen ritstjóra að leita að rýni sér við hlið. Þetta var um hásumar 1960 og um haustið fyllti ég Listamannaskálann af verkum mínum. Valtýr kom þarnaest

að máli við mig á haustmánuðum 1966 og sagði mér sjálfur að þetta hefði verið svo flott bréf, þess vegna treysti hann mér til að skrifa gagnrýni.

Ég hafnaði boðinu umsvifalaust en hann kom til mín aftur og aftur. Ég reyndi að mæla með öðrum í starfið en hann talaði aldrei við neinn annan. Svo sagði hann mörgum árum seinna; „Það var ég sem fann þig. Ég uppgötvaði þig.“

Allar götur síðan hefur Bragi verið á milli tannanna á listamönnum og mörgum þeim öðrum sem tengjast listum með einum eða öðrum hætti. Það sem hann skrifar er tekið alvarlega og oft hefur honum verið svarað fullum hálsi í aðsendum greinum.

„Til eru þeir sem taka allt það full nærri sér sem ég minnst á, einkum list-sögufræðingar, jafnvel það sem ég geri í framhjálaupi í ferðapistlum,“ segir Bragi og er hálf undrandi yfir þessu. „Þetta gerist naumast meðal jarðtengd-ari þjóða, rökræðin þar er á hærra plani en svo“.

Það væri auðvitað stórum lakar ef hann hefði ekki þótt marktækur og ekki verið umdeildur. Bragi tekur undir það.

Þegar lítið er yfir æviverk Braga á sviði fjölmiðlunar má rétt ímynda sér hvaða þýðingu þessi skrif hans hljóta að hafa. Hér er ekki eingöngu um að ræða rýn-ina hreinskiptu, heldur sögur af listalífi annarra þjóða, frásagnir af heimsókn-



Bekkjarmynd MHÍ, 1968?



Bragi, Sigurður Örlýgsson og Einar Hákonarson, 1963.

1931-2008



Grein úr þýsku tímariti, 1972

um á erlend söfn, skrif um skipulagsmál og arkitektúr, ferðasögur, og fleira og fleira.

„Það er svo rosalega mikið í hausnum á mér að ég þyrfti helst að fá mér auka harðan disk,“ segir Bragi og bendir brosandí með vísingri á krullótt höfuðið. „Vinir mínir hafa stundum sagt mér að ég þurfi að gæta mín að hlaða ekki svona miklu af upplýsingum í heilabúið. Það væri hættulegt og gæti gert mig tjúllaðan, en þeir virðast sem betur fer ekki hafa haft rétt fyrir sér.

Ég man samt ekki nöfn eins vel og áður, og nærminnið er ekki eins gott, en það er eðlileg þróun, rétt eins og að ljósmagnið í augunum minnkar upp úr fertugu. Það gerist hjá öllum við ákveðinn aldur, en stundum man ég allt. Það er dagamunur á því hvað ég man.

Ég þjálfaði mig í því að gleyma jafnóðum því sem ég skrifaði í blaðið til að geta hellað mér ferskur út í næstu skrif. Ég virðist illu heilli vera að gjalda þess núna að hluta.“

Bragi segist ekki fráhverfur því að skrifa minningar sínar og jafnvel sína eigin útgáfu af íslenskri listasögu. „Það eru ekki bara listsögufræðingar sem hafa leyfi til að gera slíkt,“ segir Bragi og nefnir nokkur vel heppnuð dæmi um hið gagnstæða.

Bragi hefur reyndar með skrifum sínum í Morgunblaðið skrifað brotarkennda

um á erlend söfn, skrif um skipulagsmál og arkitektúr, ferðasögur, og fleira og fleira.

„Það er svo rosalega mikið í hausnum á mér að ég þyrfti helst að fá mér auka harðan disk,“ segir Bragi og bendir brosandí með vísifingri á krullótt höfuðið. „Vinir mínir hafa stundum sagt mér að ég þurfi að gæta mín að hlaða ekki svona miklu af upplýsingum í heilabúið. Það væri hættulegt og gæti gert mig tjúllaðan, en þeir virðast sem betur fer ekki hafa haft rétt fyrir sér.“

Ég man samt ekki nöfn eins vel og áður, og nærminnið er ekki eins gott, en það er eðlileg þróun, rétt eins og að ljósmagnið í augunum minnkar upp úr fertugu. Það gerist hjá öllum við ákveðinn aldur, en stundum man ég allt. Það er dagamunur á því hvað ég man.

Ég þjálfaði mig í því að gleyma jafnóðum því sem ég skrifaði í blaðið til að geta hellt mér ferskur út í næstu skrif. Ég virðist illu heilli vera að gjalda þess núna að hluta.“

Bragi segist ekki fráhverfur því að skrifa minningar sínar og jafnvel sína eigin útgáfu af íslenskri listasögu. „Það eru ekki bara listsögufræðingar sem hafa leyfi til að gera slíkt,“ segir Bragi og nefnir nokkur vel heppnuð dæmi um hið gagnstæða.

Bragi hefur reyndar með skrifum sínum í Morgunblaðið skrifað brotakennda

sögu íslenskrar listar, bæði með rýni sinni, minningargreinum um látna listamenn, yfirlitsgreinum yfir ákveðin tímabil eða skýringargreinum um tækni og aðferðir. Þá má ekki gleyma hinum ógætu greinum hans „Lesið í málverk“ þar sem hann tekur einstök listaverk fyrir og fer í saumana á þeim.

HAFÐIRÐU STEFNT AÐ ÞVÍ AÐ STARFA SEM KENNARI OG GREINAHÖFUNDUR SAMHLIÐA MYNDLISTINNI?

„Nei, ég hafði aldrei nokkurn tíma séð fyrir mér að verða gagnrýnandi og greinahöfundur, og þaðan af síður kennari. Ég hugsaði þetta hvoru tveggja til skamms tíma. En mér fannst skylda mín að búa í haginn fyrir þá sem á eftir kæmu og var mikið skuldbundinn þeim merka manni Lúðvíg Guðmundssyni, stofnanda Myndlista- og handíðaskólans. Svo þótti mér það mikilsvert hlutverk að upplýsa lesendur um stórvíðburði í myndlistinni og margt annað gilt og háleitt í sjónmenntum.“

Það eru ekki allir listamenn sem vilja miðla til annarra. Kjarval vildi til dæmis að ég best veit aldrei kenna neinum. Ég veit lítið um Ásgrím Jónsson, en hann vildi að sögn Jóns Stefánssonar, gjarnan fá mig í heimsókn. Ég bankaði aldrei uppá hjá Ásgrími, ég var of óframfærinn á þeim tíma. Auðvitað sé ég eftir því, og einnig hvað Snorra Arinbjarnar

snerti, sem líka vildi fá mig í heimsókn. Þeir hurfu báðir til feðra sinna áður en ég varð nógu kjarkaður til að fara til þeirra. Sjálfur miðlaði Jón Stefánsson vísadómi til hægri og vinstri.“

EF BRAGA HUGNAÐIST HVORKI AÐ KENNA NÉ GAGNRÝNA, AF HVERJU HÆTTI HANN ÞVÍ ÞÁ EKKI BARA Í TÍMA?

„Af því ég er þrjóskur að upplagi og tekst á við erfiðleika og áskoranir. Leysi hnútana jafnóðum en fjölga þeim ekki og hleð upp í heilakirnunni. Ég hleypst ekki undan ábyrgð og fer ekki í akkorð við hlutina. Maður á ekki að lofa upp í ermina á sér. Orð skulu standa.“

Deyrolle taldi mig á að hætta í grafík í München og helga mig málverkinu eingöngu, ég væri betri málari en grafíker, sagði hann. Hann áleit líka að aðstaðan í München væri ekki nógu góð fyrir mig, en kæmi ég til Parísar skyldi hann útvega mér inni á bestu grafíkverkstæðum í borginni, ég gæti valið. En mér varð á að gera unga stúlku, skólasystur mína í Þýskalandi, þungaða. Ég tók ábyrgð á því og sendi hana heim til Íslands, þó að svo til allar dyr stæðu opnar fyrir mér á þessum tímamarki.

Þetta reyndist stór og beiskur biti að kyngja.“

Konan sem Bragi talar um heitir Adelheid Weimann og ól Braga soninn Braga. Þau skildu árið 1963 og hún



Bragi og Adalheid giftast borgaralega í Þýskalandi, 1959.



Bragi með Braga Agnar, 1960.

flutti til Kanada með son þeirra. Stuttu seinna kynntist Bragi Símoníu Kolbrúnu Benediktsdóttur og voru þau gift til ársins 1980. Þau eiga fjögur börn saman.

AF HVERJU ÞESSI TRÚMENNASKA OG ÁBYRGÐARKENND?

„Það er í eðli mínu,“ segir Bragi. „Báðir foreldrar mínir voru mjög áreiðanlegar og traustvekjandi manneskjur.“

Listrýni hefur aldrei verið mér áráttá né sáluhjálparatriði og ég ætlaði á upphafsreit einungis að skrifa í fimm ár hið mesta. Að mínu viti ættu menn alls ekki að sitja í starfinu lengur en fimm til tíu ár, en það er bláupplagt að dagblöð og ljósvakamiðlar nýti áfram reynslu og yfirsýn viðkomandi með öðrum skrifum er skara sérgrein þeirra og umbuni þá betur. Þarna ættu að tíðkast virðing-arþrep upp á við sem í öðrum efnum.

Víða erlendis hafa skrif er skara sjónarheiminn og myndlistina stórauðist í dagblöðum og tímaritum. Það fer saman og hefur víxlverkun við gífurlega aukningu aðsóknar hins menntaðari hluta almennings á söfn og stórsýningar - listin er fyrir alla!”

Bragi segir að gagnrýnendur hafi í gegnum tíðina þurft að líða allskonar baktal og aðkast og þola símhringingar um hábjartan dag sem og blánætur, og hótanir hvers konar. „Minn styrkur fólst í hæfileikaleyzi við að svara í síma

og að ég hafði krafta í köggglunum. Eitt sinn stóð listamaður í heilan dag fyrir utan heimili Valtýs Péturssonar og hugðist lumbra á honum. En Valtýr fékk njósn af manninum og hélt sig innan dyra.“

“Ég vissi alveg að hverju ég gekk varðandi gagnrýni í þessu litla þjóðfélagi okkar. Því setti ég það skilyrði, að ég fengi líka að skrifa greinar um myndlistarviðburði úti í heimi, sem reyndist auðsótt mál. Þá voru slík skrif afar sjaldgæf; helst að þau væru til hátíðabrigða í jólablöðunum. Allt almennt upplýsingastreymi á myndlistarsviðinu vantaði og ég var svo til einn á vettvanginum í mörg ár. Markmið mitt var fyrst og fremst að gera heimslistina sýnilegri á síðum blaðsins og líka íslenska list; allar hliðar íslenskrar listar. Þetta vildi ég gera með því að skrifa almennt fyrir lesendur blaðsins en hvorki markaðssetja ákveðnar listastefnur eða kynslóðir..” (Morgunblaðið, 26. nóv. 1969, bls. ??)

Verk Braga eru í eigu margra safna, einkasafna, fyrirtækja og einstaklinga, og hafa ratað víða um heim. Myndverk listamannsins hafa líka stundum verið virkur gjaldmiðill í viðskiptum, jafnvel án þess að hann færi fram á það. Á listanum yfir eigendur er því talsvert af læknum og tannlæknum, gleraugnasölum, iðnaðarmönnum, húsgagnasölum og úrsmiðum. „En ég er afspyrnu slakur við að markaðssetja sjálfan mig á opinberum vettvangi, og ég hef svo komið ekkert lið á bak við mig.“

ÁTTU MARGA VINI?

„Ég á marga kunningja og féлага, en fáa vini. Maður á helst engum að treysta. Það segir reynslan mér. Því miður.“

HEFURÐU OFT VERIÐ SVIKINN?

„Nei, ekki mjög illa. Ég þarf ekki að barma mér sérstaklega undan því, en ég hef líka byggt upp þykkar skráp. Menn í minni aðstöðu hafa iðulega verið sviknir í aldanna rás, það fara ekki allir eftir boðorðunum tíu.“

Bragi hefur verið með eindæmum vinnusamur í myndlistinni og búið til hundruð verka, jafnvel um og yfir þúsund. „Ég gæti auðveldlega fyllt þrjá Kjarvalsstaði stafnanna á milli ef ég safnaði öllu saman,“ segir Bragi.

„Mér finnst svefn vera pirrandi fyrirbæri, að þurfa að eyða tíma í hann. En hann er ljúfur þegar maður er þreyttur. Ég er yfirleitt voða feginn að vera laus við nóttina þegar ég lýk upp augunum á morgnana og mín mesta hátíð er þá að malla í mig hafragraut.“

Eftir hann byrja átök dagsins og nýtt líf kviknar.“

Vinnusemi Braga hefur haft í för með sér mikinn fjölbreytileika bæði hvað efnistöð og miðla varðar í listinni. Margir gætu kallað þetta ístöðuleysi eða skort á einbeitingu. Í viðtali í Þjóðviljanum spyr Halldór Björn Runólfsson hann út í þetta atriði:



Bragi, Sigurður Örlýgsson og Einar Hákonarson, 1963.

1931-2008



Bragi ásamt Fjölni Geir, f. 05.02 1965 og Ásgeiri Rein-ar, f. 22.07 1966. Tekið á ljósmyndastofu árið 1970.



Bragi og elsti sonur hans Bragi Agnar árið 1973.

„Hefurðu ekki verið gagnrýndur fyrir samhengisleysi? „Séu menn einhæfir eru verk þeirra talin samstæð. Sýni þeir fjölbreytileik er list þeirra talin ósamstæð. Þessi hugtök má því bæði nota í jákvæðri merkingu og niðrandi.“ (Þjóðviljinn, ?? sept. 1982, bls. ??)

HEFURÐU ERTU BÚINN AÐ HUGSA FYRIR ÞVÍ HVAD VERÐUR UM ÖLL ÞESSÍ VERK SEM ÞÚ ÁTT Í GEYMSLUM?

„Nei, en þetta fer líkast til mest til barna minna og barnabarna. Ég hef ekki verið tilætlunarsamur varðandi sölu og árétta að ég er enginn snillingur á því sviði. Ég hef aldrei beðið nokkurn mann um að selja fyrir mig myndir. Listhúsin hafa komið til mín; Listmunasalurinn, Gallerí Borg, Nýhöfn og nú síðast Gallerí Fold.

Ég hef ekki endilega mikinn áhuga á að sýna myndverkin, ekki frekar en að fækka fótum á almannafæri. En ég verð mjög glaður þegar ég skynja áhuga á þeim.

Ég hef aldrei fengið tilboð frá listhúsi eða gallerí um að fá að vera með mig á sínum snærum eins og gerist erlendis, og aldrei haldið mér sjálfum sérstaklega fram. Ég er afskaplega auðmjúkur og stoltur listamaður en læt ekki troða mér um tær,“ segir Bragi með alvörubunga í röddinni,“ og ég fer aldrei á svig við samvisku mína - það verður að vera til einn stórlátur listamaður á Íslandi,“ segir hann kíminn - en er þó ekki að grínast.

Bragi var og er nokkur bóhem í eðli sínu. „Ég hef aldrei drukkið með vinnu. Allt tal um slíkt eru ósannindi,“ segir Bragi og setur í brýrnar. „Ég hef enda ekki hæfileika til þess. Ég hef aldrei sent frá mér listdóm illa fyrirkallaður né timbraður og ekki drukkið eins mikið og óvilhallir vilja meina.

Mér tókst aldrei að verða virkur alkóhólisti, þó ég hafi leiðst út í óreglu á tímabili þegar mér leið illa og sveif í lausu lofti. Það er mikilsvert að vera fær um að neyta víns í í hófi, ólán að gera það í óhófi, og það er gott að hætta drykkju nógu snemma, og sofa vel.

Listamenn sem hætta alveg að drekka þorna upp á svo margan hátt. Þó ekki allir. Þeir hyggjast margir ætla að þjarga heiminum, tala um hollustu og fara að predika.“

Smáfuglar kroppa í brauðmola í portí Kjarvalsstaða. Í verkum Braga koma fuglar mikið við sögu. Þeir eru leiðarstef í gegnum allt hans æviverk.

HVAÐAN KOMA ÞESSÍ FUGLAR. ÞÝÐA ÞEIR EITTHVAÐ, ERU ÞETTA SKÁLDFUGLAR?

„Nei, það var mikið um fugla í bláloftinu og fiðurfé í kringum mig er ég var að vaxa úr grasi,“ segir listamaðurinn og horfir dreymandi út í loftið. „Og á haustin kemur fuglaskarinn og tyllir sér á þakkantana úti frá vinnustofunni, og krummi á stöku sinnum erindi á þá,



Thor, Bragi og Sjöfn Har., í heimsókn hjá Tryggva Ólafssyni í Kaupmannahöfn, 1984.



Donna ...??, 1954.

einkum í roki. Þá er gaman að lifa, því hann er stundum steinsnar frá nefinu á mér. Kolsvartan ber hann við himinn, þungbúið órólegt skýjafar og úfið haf.“

Erótíkin og „hið ástþrungna“ er heldur aldrei langt undan í verkum Braga, náttúruna í fólkinu þarf að túlka, eins og hina hefðbundnu náttúru. Það má jafnvel sjá glitta í brúsk af kvenmanni í abstrakt mynd, og í fígúratívum myndum er viðfangsefnið í flestum tilfellum kvenmannslíkaminn.

Karlmenn eru undantekning þegar kemur að myndefni, sé það ekki frásagnarlegs eðlis.

HEFURÐU GAMAN AF ERÓTÍSKUM FRÁSÖGNUM?

„Já, ég er mjög hrifinn af djörfum sögum. Sérstaklega þeim andríku og ófyrirsjáanlegu, þeim vel skrifuðu og eða vel fram bornu, og umfram allt með alls óvæntum endi.“

Svo hef ég einkar gaman af djúpum bröndurum, eins og stundum er sagt að margur heyri á föstudegi en skelli fyrst uppúr á þriðjudegi þegar ljós kviknar í heilabúinu.“

Bragi teygir sig upp í rekka á vinnustofunni og nær í mynd af konu sem klippt hefur verið út úr blaði með ástþrungnum myndum. Hún glennir sköpin í að átt að áhorfandanum. Myndina hefur Bragi límt á spjald og málað í kring.

„Ég var bara að leika mér eins og fleiri myndlistarmenn í aldanna rás,“ segir Bragi og seillist aftur upp í rekkann eftir annarri mynd í sama dúr en nú úr þýsku vikublaði, og síðan enn annarri og fleirum til. „Ég er bara réttskapaður maður og það er mjög löng leið frá erótískum myndum með hómor og að ósæmilegum myndum. Að mínu mati ræður opinnská og heilbrigð lífssýn í þessu efni.“

Ég er altekinn af lífshrynjandinni og ég horfi mikið á hafið út um norðurgluggana á vinnustofu minni. Þar sér vítt yfir sundin og hafið er síbreytilegt frá degi til dags. Á þakinu/svölunum sér svo vítt til suðurs, til Bláfjalla og víðáttanna beggja vegna. Hafið sjálft skiptir í sífellu um lit, og hvor tveggja lífunin hefur djúpstæð áhrif á mig.

Loks er það skýjafarið og sjálf veðrabrigðin sem eru óútreiknanleg. Það er sífellt nýr tónn í þessari augnasinfóníu.“



Segðu á kveðjustund, 1999.

1931-2008



Bragi við eitt verka sinna á sýningu í Hallgrímskirkju, 2003.



BRAGI

JÓN REYKDAL

Sjálfsmyndir íslenskra listamanna eru ekki margar, flestar eru málverk. Ein slíkra myndamun ávallt skera sig úr, ekki málverk heldur trérista skorin í krossviðarplötu, prentuð í svörtum lit. Stærðin rétt rúmlega A3. Listamaðurinn er tuttugu og eins árs.

Fyrsta grafíkmynd listamannsins. Vanmetin sjálfsmynd í íslenskri list. Þetta er einföld mynd að allri gerð. Alltaf skorið lóðrétt, fylgt æðum trésins, misþétt sem gefur myndinni mismunandi ljós. Skorið er ofan af höfðinu, hvirfillinn sést ekki, þá tekur við andlitið og svo sterkur hálsinn. Augun vekja athygli okkar. Þau eru stór, aðeins ýkt, dökkir skuggar í kring. Fagurformað nef og óljósar varir. Hann horfir ekki undan, hann horfir í augu okkar. Hér er ég – Bragi Ásgeirsson.

Árið 1962 hóf ég nám í Myndlista- og handíða-skólanum ásamt um það bil tíu öðrum nemendum. Einn þeirra kennara sem okkur mætti var Bragi Ásgeirsson, hann var þá þrjátíu og eins árs. Ég var sautján ára.

Helstu kennarar skólans þetta haust voru auk Braga þeir Kurt Zier skólastjóri, Sigurður Sigurðsson sem bar starfsheitið yfirkennari, Hörður Ágústsson, Björn Th. Björnsson, Benedikt Gunnarsson, Gísli B. Björnsson, Guðrún

Jónasdóttir og Sigríður Halldórsdóttir. Skólinn var til húsa í leiguhúsnæði í Skipholti 1.

Kurt Zier var nýkominn að skólanum, hann hafði áður kennt undir merkjum Ludvigs Guðmundssonar við Handíða- og myndlistaskólann eins og skólinn hét áður en nafni hans var breytt. Hann kom fyrst til Íslands landflóttu gyðingur frá Þýskalandi 1939.

1962 var námið lengt um eitt ár, fjögur ár í stað þriggja. Jafnframt voru skólastjóri og kennarar að fíkra sig áfram með nýja uppsetningu og tilhögun námsins og leituðu þar á meðal í hugmyndafræði Bauhaus, sem var listaskóli í Þýskalandi á fyrrihluta síðustu aldar. Í Bauhaus varð til sú deigla og hugmyndir um listnám sem entist listaskólum í Evrópu og Ameríku alla 20. öldina.

Fyrstu tvö árin af fjórum, voru fornám, kallað forskóli I og forskóli II, og þá tók við sérnám í myndlist, auglýsingateiknun eða kennaranám í teikningu eða vefnaði.

Kurt Zier lagði mikið upp úr greiningu hverskonar, að nemendur skildu það sem að baki liggur, ekki bara yfirborðið. Eitt slíkra verkefna sem hann lét okkur gera voru vængir fugla sem við teiknuðum anatómískt svo við gætum skilið þá verkfræði náttúrunnar sem gerir

flugið mögulegt. Annað verkefni var myndbygging málverka endurreisnar, nokkuð sem ábyggilega hefur átt samhljóm í hugmyndum listasögukennarans Björns Th. Björnssonar og reyndar fleiri kennara. Þar reyndum við að finna út með hjálp hornalína, grunnforma og gullinsniðs þau duldu lögmál sem lágu að baki byggingu þessara verka. Hér var eingöngu um formræna úttekt að ræða.

Kennararnir, voru ólíkir innbyrðis sem einstaklingar en listræn heimsmynd þeirra svipuð, menntaðir í Kaupmannahöfn, Ósló, París og víðar. Grundvallarviðhorf til myndlistar voru ekki svo ólík.

Samnemendur mínir voru á aldrinum 17 til 25 ára , kynjaskipting nokkuð jöfn og flestir áhugasamir í nýju námi. Í þessu umhverfi kynntist ég Braga.

Af hverju leitaði Kurt Zier eftir starfskröftum Braga? Af hverju hann frekar en einhver annar? Mig grunar að í Braga hafi Kurt Zier séð fráberan teiknara, og grafíker. Bragi hafði hlotið þýskt uppeldi í myndlist sem ekki skaðaði og gat ef til vill myndað mótvægi við menntun hinna kennarana.

Bragi var búinn að gera tréristur sem ábyggilega hafa yljað skólustjóranum og minnt hann



fyrri opna, Sjálfsmynd, 1952.



vantar myndatexta



að ofan: vantar myndatexta
að neðan: vantar myndatexta



á þann tíma í þýskri list þegar Brückelista-
menn og fleiri expressionistar beittu miðlinum
af hvað mestum þrótti. Auk þess hafði hann
kennt í tíð fyrrverandi skólustjóra.

Bragi átti auðvelt með að ná til nemenda
sinna. Hann skildi okkur vel þegar við töluð-
um hægt og skýrt. Hann varð fljótt vinur okkar
eins og reyndar hinir kennararnir. Á þessum
tíma var hugtakið mannaður ekki til. Kenn-
ararnir lögðust allir á eitt við að gera úr okkur
eitthvað sem kæmi okkur og öðrum að gagni.
Þeir töluðu við okkur sem jafningja og virtu
okkur. Í mínu tilfelli var þetta eitthvað nýtt,
nokkuð sem ég hafði ekki upplifað áður, allra
síst í Menntaskólanum í Reykjavík.

Bragi tók kennsluna mjög alvarlega og var
ósérhlífinn. Metnaður hans fyrir okkar hönd
var mikill. Útskýringar hans voru skilmerkileg-
ar, og nemendur fengu að finna ef hann var
óánægður. Bragi kenndi grunnatriði teikning-
ar, meðal annars nákvæmar hlutateikningar
þar sem forminu voru gerð rækileg skil. Hann
lagði auk þess mikla áherslu á efniskennnd.
Hann kenndi hvernig gefa má flötum líf með
mismunandi áferð hvort sem tækið var blý-
antur eða penni.

Í verkum Braga má sjá þessa áherslu frá fyrstu tíð þar sem hann gefur flötum mismunandi áferð með því að gera urmul smágerðra punkta, smástrika og lína sem stundum mynda vef, mismunandi þéttan. Þetta birtist líka í málverkum hans, hlutbundnum sem óhlutbundnum, og í eldri verkum má jafnvel sjá álímnda aðskotahluti ýmiskonar, náttúrulega eða manngerða.

Áferð hefur alla tíð verið stór þáttur í verkum Braga. Stundum verður hún meira áþreifanleg og verður að lágmynd, með útstæðum formum og aðskotahlutum.

Í skrá sýningarinnar „Líf í grafík“ sem Listasafn Íslands stóð fyrir 1993 segir Bragi: „Að auki fékk ég aukinn áhuga á efniskennd litanna og efnislegri dýpt á myndfleti, sem leiddi til þess að ég fór út í gerð lágmynda á tímabili og nálgaðist skúlptúrinn“.

Síðustu ár hefur Bragi mikið beitt málaraspaða, þar sem litur er skafinn yfir flötinn, en með þeirri aðferð fæst allt önnur áferð og efniskennd en að mála með pensli. Þennan áhuga Braga má vafalítið rekja til kúbismans, þar sem Braque og Picasso notuðu í fyrsta sinn álímingar (collage).

Þó Bragi sé fyrst og fremst tvívíður listamaður höfðu sum verkefna er hann lét okkur gera þrívíða eiginleika. Þetta voru þrívíð form sem við teiknuðum, kassar eins og væru þeir gegnsæir. Úr hornum og hliðum kassans áttum við að teikna úrtökur sem líka voru kassamyndaðar. Þetta samspil misstórra og djúpra flata áttum við svo að skyggja í grátónum með tússi. Niðurstaðan var kassi með mörgum innri kössum, nokkuð sem reyndi á rýmistilfinningu okkar.

Eftir að Kurt Zier lét af störfum sem skólastjóri er ég ekki frá því að losnað hafi um til góðs fyrir kennara eina og Braga. Hann bjó til námskeið í fornámi sem reyndu á grunnþætti myndlistar og náði undraverðum árangri með nemendum sínum. Í dag sakna ég þess að Bragi skyldi ekki skrifa bók um hugmyndir sínar í kennslu, því hann hefur alla tíð fylgst afar vel með í listum og nýjungum í kennslu.

GRAFÍKKENNINGARINN

Í húsnæðishraki skólans hafði Braga tekist að innrétta grafíkverkstæði í bogadreginni stofu á 3. hæð, stofan var um 35 m² að stærð. Þar inni var stór steinþrykkspressu, með tilheyrandi aðstöðu, vöskum og hillum fyrir kalk-

steina og kemískt dót. Að auki var góð pressa til að þrykkja dúk- og tréristur og lítil ætingarpressa.

Þetta var fyrst og fremst þrykkverkstæði. Undirbúningsvinna við einstök grafíkverk varð að fara fram í öðrum stofum.

Í þessari stofu var andrúmsloft sem ekki ríkti annarsstaðar í skólanum. Þarna var heimur sem byggði á handverkskunnáttu og aldagömlum hefðum. Þarna var lykt sem maður ekki þekkti. Stundum þurfti kennarinn að snara tappa úr terpentínufloösku sem fyllti rýmið af balsamangan.

Við kennslu í þessari stofu klæddist Bragi úniformi sínu, rúmlega mittissíðum bláum serk. Ásýndin stakk í stúf við okkur nemendur sem voru borgaralega klæddir og áttum fæst okkar einhver eiginleg vinnuföt.

Í forskóla II fengum við það verkefni hjá Kurt Zier að teikna beinagrind í nánast fullri stærð á litógrafíusteina undir tæknilegri handleiðslu Braga. Beinagrindinni var skipt niður á milli okkar. Einn fékk hauskúpuna, annar brjóstkassa, þriðji mjaðmargrind og fjórði fékk fætur.

Hlutarnir voru gerðir hver á sinn stein og prentaðir á pappír sem raðað var saman,

svo úr varð heilleg beinagrind. Þetta var erfitt verkefni fyrir byrjendur og óttalegt bras og ég held að Bragi hafi verið mátulega hrifinn af framtakinu, en þurfti eðlilega að vera með í þessu vegna prentunarinnar.

Hugmynd Kurt Zier var sú að næst skyldum við prenta vöðva utan á beinin og svo framvegis. Þetta átti að vera þriggja, jafnvel fjögurra lita prent, næstum eins og í læknabókum.

Bara tilhugsunin um það sem beið okkar dró úr okkur allan mátt og menn fóru að hlaupast undan merkjum. Við kláruðum bein og vöðva, þá var krafturinn þrotinn. Lokaniðurstaða fékkst aldrei. Þetta verkefni var ekki beint á óskalista hjá okkur en enginn þorði að andmæla. Eftir þetta var ég þokkalega að mér um uppbyggingu og innviði mjaðmargrindar í miðaldra karlmanni frá fyrri hluta síðustu aldar.

Þrátt fyrir þetta fíaskó fór ég að stelast inn til Braga úr öðrum tímum og gera dúk- og tréristur. Þarna voru eldri nemendur líka að störfum sem byrjað höfðu í fyrra námi, nemendur sem komnir voru lengra í listinni en við og gátu jafnvel bjargað sér í gegnum prentun á steinprenti. Af þessum nemendum mátti ýmislegt læra.



Bragi við kennslu í grafík, 1964.

Grafíkverkstæðið var opið verkstæði þar sem við gátum gert það sem við vildum, unnið eigin hugmyndir og notið leiðsagnar Braga. Hann var alltaf boðinn og búinn í að aðstoða ef á þurfti að halda.

Andrúmsloftið var svolítið akademískt og aðeins á skjön við það sem verið var að gera í skólanum að öðru leyti, þar sem námið byggðist mest upp á fyrirfram gefnum verkefnum. Sjálfsagt hefur einhverjum þótt við fá þarna ótímabært frelsi.

Hvað um það. Á þessum stað og á þessum tíma skapaði Bragi listrænt andrúmsloft fyrir fullt af ungu fólki sem var forvitið og þótti miðillinn spennandi. Þarna stóð hann vaktina öðrum til halds og trausts. Á þessum árum lagði Bragi grunn að því sem síðar varð að grafíkbylgju á Íslandi.

Mörg okkar fóru utan í framhaldsnám. Má þar nefna Einar Hákonarson sem strax í skóla hjá Braga tók grafík föstum tókum. Eftir nám í Svíþjóð kom Einar svo heim og setti á stofn verkstæði í málmgrafík við skólann. Hann hafði jafnframt frumkvæði að stofnun félags í kringum starfsemina: Félag íslenskra grafíklistamanna, sem síðar var breytt í Íslensk grafík.



Bragi í Munchen, 1953. Erró tók myndina.

Grafíkverkstæðin við skólann efdust á næstu misserum með tilkomu kennara eins og Þórðar Hall og Richards Valtingojer. Grafíkin festist í sessi og áhugi fyrir grafík varð almennur úti í þjóðfélaginu. Félagið Íslensk grafík fagnar fjórtíu ára afmæli á næsta ári. Þar er Bragi heiðursfélagi.

Eftir nokkurra ára nám í Amsterdam og Stokk-hólmi sneri ég aftur heim og fór að kenna við Myndlista-og handíðaskóla Íslands, fyrst við teiknikennaradeild og svo við grafíkdeild.

Við Bragi vorum orðnir samstarfsmenn og félagar. Á þessum fyrstu árum í kennslu við hlið Braga skynjaði ég áhugann og eldinn sem brann hjá honum. Hann var stöðugt að gera tilraunir, róa á ný mið í kennslunni. Hann var að vinna að nýjum verkum sem voru ólík öðru sem hann hafði áður fengist við. Þetta voru fundnir hlutir, brúður og annað dót sem hann hafði rekist á, oft í fjöruferðum fjölskyldunnar.

Við sem unnum með Braga fylgdumst með þessu ferli, helgarferðum ungrar fjölskyldu sem var að uppgötva nýja heima í fjöruborðinu, og afraksturinn rataði inn í myndverk heimilisföðurins. Bragi deildi upplifun sinni með okkur.

Þarna er kannski komið að kjarna málsins. Bragi er búinn að deila reynslu sinni með okkur í gegnum árin af meiri krafti og þrótti en margur annar. Hann hefur í gegnum tíðina skipt sér á milli kennslu, eigin myndlistar og skrifa. Hann hefur nálgast öll þessi svið með augum rannsakandans og af undraverðri ósérhlífni þar sem ekkert hefur verið gefið eftir í faglegri nálgun.

Kúltúr nefnist menningin á alþjóðlega vísu. Orðið sjálft merkir þó í raun ræktun. Bragi hefur alla tíð verið að sá. Hann má vera ánægður með uppskeruna.



Bragi og félagi hans á opna grafíkverkstæðinu á Akadémíunni í Kaupmannahöfn, 1955-56. Bragi er með verðlaunaorðu frá grafíkfélagi Listaháskólans í Osló.

Þessum texta á eftir að stilla upp hann fylgir hér með svo hægt sé að ganga úr skugga um hvort allar upplýsingar eru réttar:

BRAGI ÁSGEIRSSON

f. 28. 05. 1931 í Reykjavík.

Foreldrar: Karólína Sveinbjörg Sveinsdóttir húsmóðir, f. 14. 12. 1895 í Reykjavík d. 1995 og Ásgeir Ásgeirsson frá Fróðá skrifstofustjóri, f. 09.08 1897 í Hrutsholti í Eyjahreppi, Snæfellsnesi d. 21.07 1978.

Systkin: Ásgeir Þór Ásgeirsson verkfræðingur f. 31.05 1924, Sveinn Gunnar hagfræðingur, f. 1707. 1925, Guðmundur Agnar forstjóri, f. 29.08 1927, Birgir lögfræðingur, f. 02.05 1929 d. 14.08 1984 og Hrefna húsmóðir f. 09.09. 1932.

Fyrri maki: Adelheid Weimann kennari, í Toronto Kanada f. 14.01. 1939 í nágrenni Posen í austur Þýskalandi. Barn: Bragi Agnar, f. 23.03 1960.

Seinni maki: Símónía Kolbrún Benediktsdóttir fóstura, f. 02. 09 1942. Börn: Fjölur Geir, f. 05.02 1965, Ásgeir Reinar, f. 22.07 1966, Símon Jóhann, f. 14.07 1970 og Kolbrá Þyri, f. 18.07. 1971.

Menntun: Nám í Handíða- og myndlistarskólanum 1947-50, Listaháskólinn í Kaupmannahöfn 1950- 1952 og 1955-56 (grafík), Listaháskólann í Osló og Listiðnaðarskólann (grafík) 1952-53 og Listaháskólanum í München 1958-60. Námsdvöl í Róm og Flórenz 1953-54, meðlimur í Associazione Artistica Internazionale, Róm. Námsferðir um flest lönd Evrópu, Ameríku, Kanada, Kína, og Japan.

Starfsferill: Kennari við Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1956-1996, upphaflega í grafík. Listrýnir og greinahöfundur við Morgunblaðið frá 1966-2008. Hefur hlotið dvalar- og námsstyrki frá öllum Norðurlöndunum, m.a. Edvard Munch styrkinn 1977. Styrkþegi DAAD Sambandslýðveldisins V.-Þýskalands 1958-60. Hlaut starfsstyrk íslenska ríkisins 1978-9. Borgarlistamaður Reykjavíkur 1981-8. Hlaut medalíu Eyrstrasaltvinnunar/ Pablo Neruda friðarpeninginn á tvíværingnum í Rostock 1978. Heiðursfélagi í félaginu Íslensk grafík frá 1983. Fyrsta einkasýning í Listamannaskálanum við Kirkjustræti 1955, sýndi þar einnig 1960 og 1966. Hefur gert veggskreytingar í Hrafnistu og Þelamerkurskóla, myndlýst kvæðið Áfangar eftir Jón Helgason. Hefur haldið fimm einkasýningar í Norræna húsinu og fjölda minni sýninga í Reykjavík og úti á landi.

Einkasýning í Kaupmannahöfn 1956. Tekið þátt í fjölda samsýninga héraendis, um öll Norðurlönd og víðs vegar annars staðar í Evrópu, tíu fylkjum Bandaríkjanna, Rússlandi, Japan og Kína. Tók þrisvar þátt í tvíværingnum í Rostock og einu sinni Evróputvíværingnum (1988). Sýning á 366 myndverkum, Heimur augans, í öllum sölum Kjarvalstaða 1980. Í sýningarnefnd Félags íslenskra myndlistarmanna 1969-72, þar af formaður í tvö ár 1971-73. Fulltrúi í alþjóðlegri nefnd varðandi Biennialinn í Rostock 1967-81. Heiðursgestur 1981. Heiðursskjal fyrir grafík, Kraká, Póllandi 1968, Bjartsýnisverðlaun Brøste 1982, Borgarlistamaður Reykjavíkur 1981-82.

Myndir í eigu Listasafns Íslands, Reykjavíkur, ASÍ, Kópavogs, Borgarness, Selfoss, Siglufjarðar, Colby College Maine og Norður Þýska listasafninu, Rostock, Alþingis, margra banka opinberra stofnanna og einkasafna heima og erlendis.

Ritstörf: Hefur skrifað fjölda greina um íslenska list í íslensk og erlend blöð og rit. Ritsmíð í sérútgáfu um Albrecht Dürer 1973, ritsmíð um þýska núlistamanninn Mario Reis 1979. Ritstjóri f.h. Íslands við N.K.F. blaðið 1974-76. Grein um íslenska myndlist frá fornöld til nútímans í kynningarriti um Ísland (Anders Nyborg/ Loftleiðir), 1974.

Þessar myndir verða annars staðar í bókinni.

VERK Í EINKAEIGN:

1



2



3



4



5



6



7



8



9



10



11



Þessar myndir verða annars staðar í bókinni.

VERK Í EIGU LISTASAFNS ÍSLANDS

1



2



3



4



5



6



7



8



9

10

11